



FRÉTTABLAÐIÐ



Nýi og gamli tíminn mætast. Til vinstri er skemman sem seld verður í dag en til hægri er uppgerð aðstaða RVK Studios. Borgarstjóri segir að með sölnunni sé stigið tímamótaskref. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Borgin selur RVK Studios enn eignir í Gufunesi undir kvikmyndagerð

Tvö kvikmyndafélög börðust um að kaupa seinni skemmu áburðarverksmiðjunnar sem seld var á 320 milljónir króna. Borgarstjóri segir Ísland verða Mekka kvikmyndagerðar.

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Baltasar Kormákur Baltasarsson leikstjóri munu í dag skrifa undir samning um kaup RVK Studios á annarri skemmu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi sem staðið hefur ónýtt um langt skeið. Kaupverð er 320 milljónir króna.

Fyrri skemmu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi hafði áður verið ráðstafað undir kvikmyndagerð og viðburði, nú síðast undankeppni Eurovision.

Í gögnum borgarinnar um málið segir að núverandi kvikmyndaver þyki henta stærri framleiðslu vel en fyrirsjáanleg þörf sé á minna kvikmyndaveri fyrir minni tökuverkefni og einnig fyrir fleiri en eina samtímatöku. RVK Studios sér slík afnot fyrir sér með kaupnum sem kynnt verða á blaðamannafundi í dag.

Annað félag vildi kaupa skemmu, kvikmyndafyrirtækið True



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

North, á sama verði. Hugmyndir RVK Studios hlutu hærri einkunn hjá borginni þegar mat var lagt á umsóknirnar tvær.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fagnar viðskiptunum og segir mikil tækifæri í uppsiglingu á þessu svæði.

„Ég hef áður komið í þetta magnaða kvikmyndaver þegar kvikmyndir og Ófærð hafa verið í tókum og með tvöföldun á aðstöðu RVK Studios er draumurinn um alþjóðlega samkeppnishæft kvikmyndaþorp einfaldlega að verða að veruleika. Gufunesið getur þá tekið við enn þá fleiri og stærri verkefnum,“ segir Dagur.

Reykjavík muni halda áfram að blómstra sem borg kvikmynda-gerðar og skapandi greina.

„Þetta skapar spennandi störf og tækifæri fyrir gríðarlega marga,“ segir borgarstjórinn um möguleikana sem eru til staðar. ■

Björn orðlaus yfir Borgarnesmálinu

LÖGREGLUMÁL Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata sem sat í undirbúningskjörbréfanefnd sem rannsakaði talningarmálið í Borgarnesi, telur að lögreglustjórinn á Vesturlandi hafi tekið kolranga ákvörðun með því að fella niður mál gegn yfirkjörstjórninni.

Lögreglustjórinn telur að ný kosningalög þýði að babb hafi komið í bátinn við áframhald málsins. Áður hafði hann gert fólkinu að greiða sekt. Enginn í yfirkjörstjórn greiddi sektina.

Björn Leví segist næstum orðlaus vegna niðurstöðunnar. Ekki síst þar sem lögreglustjóri vísi ranglega til þess að í nýju kosningalögunum sé ekki að finna viðurlög sem dugi til sakfellingar gegn brotum. **SJÁ SIÐU 2**

Virðisaukinn er farinn út í bláinn!

Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!*

Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn fjórhjóladrifinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

H HEKLA Laugavegi 174, 105 Rvk. → www.mitsubishi.is/eclipse

*Að sjálfsgöðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr. lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.



DRIVE YOUR AMBITION



Söngkonan Katla Njálsdóttir stóð sig frábærlega á laugardag. MYND/MUMMI

Katla ber engan kala til Bjargar

benediktarnar@frettabladid.is

EUROVISION Katla Njálsdóttir, sem keppti í undankeppninni fyrir Eurovision um helgina, segist ekki bera neinn kala til Bjargar Magnúsdóttur eftir óviðeigandi ummæli hennar og segir Björgu hafa rætt við sig og heyrt í móður sinni. Í viðtali milli laga á RÚV grínaðist Björg með að Katla væri að fiska eftir atkvæðum þegar þær ræddu minningargrip tengdan föður Kötlu, sem er látinn.

„Við skiljum sáttar, hún sendi mér aðra afsökunarbeiðni og heyrði í mömmu minni. Ég vorkenni henni bara, ég vissi bara að þetta væri ekki að fara hafa nein langvarandi áhrif á mig en það er fólk búið að rífa hana í sig á netinu. Allt of mikið. Það er ekkert vont á milli okkar og hún gerði sér alveg grein fyrir að hún átti ekki að segja þetta. Fólk má alveg bakka af henni núna,“ sagði Katla sem tók undir að þetta hefði verið sérkennilegt. „Þetta var skrítið komment, en hún kom upp að mér eftir á og talaði við mig persónulega, henni var mikið niðri fyrir, þannig að ég fyrir-gaf henni auðvitað.“ ■

Leitað í skjól við Hörpu



Þeir voru heldur veðurbarðir, ferðamennirnir sem gengu um miðbæinn í gær og þurftu að leita skjóls við Hörpu. Veðrið var leiðinlegt í gær í borginni enda nánast heill himinn í hverjum einasta regndropa. Enda þótt ferðamennirnir elskuðu að fá vind í andlitið bjuggust þeir ekki við svona miklu roki. Áfram er spáð leiðindaroki en í dag er spáð allhvarssi eða hvarssi suðvestanátt við um land. Stíf sunnan- og suðvestanátt heldur síðan áfram á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heilsugæslan finnur fyrir mikilli aukningu á álagi í núverandi ástandi

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Heilsugæslan hvetur fólk til að leita sér frekar sjálft upplýsinga um einkenni og hagnýt ráð við Covid-19 en að leita til upplýsingamiðstöðvar heilsugæslunnar. Ástæðan er mikið álag á þjónustunni en þau sem meta það svo að þau þurfi á hjálp að halda geta haft samband símleidis eða í gegnum Heilsuveru.

Þá minnir heilsugæslan á það á vefsíðu sinni hversu mikilvægt sé að fólk sinni persónubundnum sóttvörnum þrátt fyrir að slakað hafi verið á takmörkunum í samfélaginu. „Það er sérstaklega mikilvægt að þeir sem eru smitaðir reyni að takmarka eins og hægt er samskipti við ósmiðaða,“ segir á heimasíðunni ásamt því að bent er á að ef smitaðir þurfi að vera á ferðinni skuli þeir

Hagnýt ráð fyrir einstaklinga með Covid-19:

- Drekka vel
- Hvíld
- Taka hitalækkandi lyf
- Forðast að liggja á baki ef hósti er mikill
- Slímlosandi freyðitöflur geta hjálpað
- Öndunaræfingar

gæta sérstaklega að sóttvörnum, nota grimu og spritt og halda fjarlægð við aðra.

Þurfi einstaklingar með Covid að leita til heilsugæslunnar er minnt á að mikilvægt sé að láta vita af smitinu áður en sá smitaði kemur á heilsugæsluna. ■

Segir lögreglustjórann úti á túni að fella niður málsókn

Lögreglustjórinn á Vesturlandi fellir niður mál á hendur yfirkjörstjórn á röngum forsendum, að mati þingmanns sem rannsaði málið. Málinu sé ekki lokið.

bth@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Gunnar Örn Jónsson, lögreglustjóri á Vesturlandi, segist ekki telja það vandræðalegt að hans eigið embætti hafi fallið frá því að sækja Inga Tryggvason, formann yfirkjörstjórnar, og aðra í kjörstjórninni til saka fyrir dómi eftir að meðlimir yfirkjörstjórnarinnar höfðu neitað að greiða sektarboð sem lögreglustjóri hafði sent þeim.

„Nei, ég sé ekki að þetta sé vandræðaleg niðurstaða, ekki samkvæmt gildandi löggjöf,“ segir Gunnar. Hann vill að öðru leyti ekki tjá sig um niðurstöðuna.

Með gildandi löggjöf vísar Gunnar til þess að eftir talningarklúðrið í Borgarnesi síðastliðið haust varð lagabreyting á kosningalögum sem tóku gildi í upphafi þessa árs. Gunnar telur að samkvæmt nýju lögum segi hvergi, ólíkt eldri lögum sem giltu þegar kosið var til Alþingis síðastliðið haust, að kjörgögn skuli innsiglið og að brot við því varði víðurlögum.

Ef Ingi Tryggvason, formaður yfirkjörstjórnar í Borgarnesi, og aðrir í yfirkjörstjórn hefðu greitt sektarboðið væru þeir nú fátækari af fé og sætu uppi með víðurkenningu á sekt. Með kosningalögum sem tóku gildi 1. janúar síðastliðinn hvarf grundvöllur málsóknarinnar að mati lögreglustjóra. Í almennum hegningarlögum komi fram að hafi refsilöggjöf breyst eftir að verknaður var framinn eigi að dæma eftir nýju lögum.



Frá rannsókn undirbúningskjörbréfanefndar á talningarmálinu í Borgarnesi í fyrrahaust. Björn Lévi og Ingi Tryggvason við störf. FRÉTTABLAÐIÐ/EYPOUR



Nei, ég sé ekki að þetta sé vandræðaleg niðurstaða, ekki samkvæmt gildandi löggjöf.

Gunnar Örn Jónsson, lögreglustjóri á Vesturlandi

Björn Lévi Gunnarsson, þingmaður Pírata, sem sat í undirbúningskjörbréfanefnd sem rannsaði klúðrið í Borgarnesi, telur að lögreglustjóri hafi tekið kolranga ákvörðun.

„Honum ber að dæma eftir gild-

andi lögum á þeim tíma sem brotið fór fram,“ segir Björn Lévi.

Hann segist næstum orðlaus vegna niðurstöðunnar. Ekki sist þar sem lögreglustjóri vísi ranglega til þess að í nýju kosningalögum sé ekki að finna víðurlög sem dugi til sakfellingar gegn brotum. 136. greinin sé dæmi um það. Þar segi að það varði sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjórn eða embættismaður hagar fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísitandi á ólöglegan hátt eða vanræki hana. Björn Lévi segir málinu hvergi nærri lokið.

Ingi Tryggvason segir að niðurstaðan hafi ekki komið sér á óvart.

„Ég átti alltaf von á þessu,“ segir Ingi sem telur að málið hafi verið stormur í vatnsglasi. ■

Sjálfvirkur opnarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is



TOYOTA C-HR HYBRID

BÍLLÍ C-HRFLOKKI



Verð frá: 5.650.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Sjá nánar á toyota.is

KINTO ONE langtímaleiga verð frá: 125.000 kr. á mán.

TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI

32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Eðlilegt að það sé dýrara að hlaða bílinn í hraðhleðslustöð

birnadrofn@frettabladid.is

ORKUMÁL Mikill munur er á verði á kilóvattstund af rafmagni þegar rafbílur eru hlaðin í heimahúsi og á hraðhleðslustöð.

Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands, segir hverja kilóvattstund í heimahleðslu kosta um 15 krónur en í hraðhleðslu geti hún farið upp fyrir 50 krónur. Enn sé þó margfalt ódýrara að keyra

rafmagnsbíl en bensín- eða dísilbíl.

„Verðið getur verið jafnvel þrisvar til fjórum sinnum hærra en þegar fólk er að hlaða heima hjá sér en maður þarf að gera sér grein fyrir því að hluti af kostnaðinum fer í að borga fyrir hraðhleðslustöðina, tengigjald rafveitunnar, launakostnað og allt annað sem fylgir rekstri á svona stöðvum, en bara hraðhleðslustöðin sjálf getur kostað 4-5 milljónir,“ segir Tómas og bendir



Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands

á að algengt verði fyrir hleðslustöðvar við heimili sé á bilinu 70-200 þúsund krónur.

Þá segir Tómas verðmuninn ekki óeðlilegan. „Fyrstu tvö til þrjú árin gaf til að mynda ON allt rafmagn á sínum hleðslustöðvum því þá var markmiðið ekki að græða heldur að hjálpa við orkuskiptin,“ segir Tómas.

Nú þegar um 12 þúsund rafbílur séu komnir á götur landsins geti raf-

orkusalar fengið eitthvað fyrir sinn snúd með sölu á rafmagni til rafbílaeigenda. Þrátt fyrir að fólk nýti sér rafhleðslustöðvar sé enn miklu ódýrara að keyra rafbíl en bensín- eða dísilbíla. „Ef við horfum bara á orkuna sem fer í það að knýja bílinn áfram er svona tíu sinnum ódýrara að keyra rafmagnsbíl, svo ég tali nú ekki um ef við lítum einnig á aðra hluti eins og viðhald, olíuskipti og svo framvegis,“ segir Tómas. ■



Mikið álag er á sjúkrahúsinu sem er á neyðarstigi. MYND/LSH

Meðalaldur hærri hjá innliggjandi

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Í gær voru 78 sjúklingar innliggjandi á Landspítala með Covid-19. Fjórir voru á gjörgæslu og voru þeir allir í öndunarvél. Meðalaldur innlagðra var 75 ár en 72 ára fyrir helgi.

Innliggjandi sjúklingum með Covid hefur fækkað síðan fyrir helgi en á föstudag lágu 88 sjúklingar inni á spítalanum með sjúkdóminn.

Landspítalinn er á neyðarstigi og er enn grímuskýlda í gildi og heim-sóknarban nema með sérstökum undantekningum. ■

Vilja aukið öryggi við vegavinnu

kristinnpall@frettabladid.is

UMFERÐ Forráðamenn Colas sendu frá sér áskorun í gær á alla þá sem koma að vegagerð hér á landi um að bæta öryggi við vegavinnu hér á landi. Þau segja öryggiskröfum í vegagerð hér á landi ábótavant.

Kemur fram að þó að flest fyrirtæki reyni sitt besta sé hægt að gera mun betur. Vinnureglur hér á landi séu iðulega sniðnar að umferðinni á kostnað þess að hægt sé að loka vinnusvæðum. ■

Deilurnar ekki merki um klofning hjá rómversk-kaþólsku kirkjunni

Umræða kaþólsku kirkjunnar í Þýskalandi um róttækar breytingar, svo sem vígslur samkynhneigðra, hefur vakið hörð viðbrögð og mikla umræðu. Trúarbragðafræðingur segir kaþólsku kirkjuna geta breyst eins og önnur trúarbrögð.

kristinnhaukur@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG David Tencer, biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, segir eðlilegt að norrænir biskupar hafi áhyggjur af umræðunni innan þýsku kirkjunnar. Þegar norræna kirkjan var endurreist var það vegna þýskra trúboða.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina skrifuðu norrænu biskuparnir opið bréf vegna ráðstefnuþinga í Þýskalandi þar sem rætt er um umbætur eins og giftingar samkynhneigðra, afnám skírlífis presta og að leyfa konum að verða prestar.

„Í sambandi við nýjar áskoranir sem kirkjan tekst á við og vill svara finnst okkur að sumir vilji bæta við málefni sem samræmast ekki kaþólskri trú,“ segir David. „Það skiptir okkur máli og því viljum við sýna siðferðilegan stuðning og bæna-stuðning öllum þeim sem hugsa um einingu kirkjunnar og fylgja kenningum hennar og páfa okkar.“

David segir of sterkt til orða tekið að tala um klofning. Spurður hvort kaþólska kirkjan þurfi ekki að breytast eins og samfélagið segir David að hún hafi oft breyst en sumt breytist aldrei. „Ef einhver bíður eftir því að hún breyti því sem er óbreytanlegt verður hann fyrir vonbrigðum,“ segir David.

Bjarni Randver Sigurvínsson, guðfræðingur og trúarbragðafræðingur, segir að í ályktunum ráð-



Tæplega 15 þúsund manns eru skráð í kaþólsku kirkjuna á Íslandi.

MYND/ADSEND



Ef einhver bíður eftir því að hún breyti því sem er óbreytanlegt verður hann fyrir vonbrigðum.



David Tencer, biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi

stefnuþingsins þýska sé kallað eftir grundvallarbreytingum sem varða ekki aðeins stefnu kirkjunnar í siðferðismálum heldur sjálfu sakramenti hennar. Því sé ekki við öðru að búast en að þær vekji afdráttarlaus viðbrögð víða að úr kirkjunni.

„Í raun er verið að kalla eftir því að rómversk-kaþólska kirkjan stígi þau skref sem lútherskar kirkjur hafa flestar gert í þessum heims-hluta og ýmsar aðrar gamlar mótmælendakirkjudeildir sömuleiðis. Það er að vígja konur í prestsembætti og veita samböndum samkynhneigðra para blessun,“ segir Bjarni.

Ályktanirnar endurspegl viðhorfsbreytingar í kynferðismálum á grundvelli aukins skilnings á margbreytileika mennskunnar.

Bendir Bjarni á að meðlimafjöldi rómversk-kaþólsku kirkjunnar sé 1,4 milljarðar og að innan hennar

þrífist ýmis viðhorf og reglur. Ekkert nýtt sé að upp komi ágreiningur og nefnir hann sem dæmi frelsunarguðfræðina í latnesku Ameríku sem Vatikaninu þótti ofmarxísk.

„Má vera að ágreiningurinn í Þýskalandi muni leiða til klofnings en það er þó alls óvíst,“ segir Bjarni. „Skodanakönnun hefur leitt í ljós að meginþorri rómversk-kaþólskra er ósammála ályktunum ráðstefnuþings kirkjunnar í Þýskalandi.“

Verði klofningur verði hann líklega smár og gæti runnið inn í aðrar kirkjudeildir. Hins vegar varpi málið ljósi á umræðuna sem á sér stað innan kaþólsku kirkjunnar og vel kunni að vera að róttækar breytingar séu á leiðinni með nýjum kynslóðum. „Rómversk-kaþólska kirkjan tekur breytingum eins og aðrar kirkjudeildir og öll trúarbrögð,“ segir Bjarni. ■

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX. KOMDU OG REYNSLUAKTU!

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID

JEEP COMPASS LIMITED TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 7.479.000 KR.

Jeep rafknúnu jepparnir henta íslenskum aðstæðum um allt land

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
WWW.ISBAND.IS • WWW.JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep **4xe**

kronotex
FLOORS FOR LIVING

2017-
2021 Fyrirmyndaryfirtaki
Í reikstri
Vinnubáttur Önnub



HÖRKU PLANKA HARÐPARKET & LÚXUS VÍNYLPARKET

FYRIR HEIMILI, SUMARHÚS OG VINNUSTAÐI
STÓR OG BREIÐ BORD Í BESTA GÆÐAFLOKKI
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS

Birgisson®



Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Segir að dönsk fyrirtæki sem hætta starfsemi eigi á hættu að vera þjóðnýtt

gar@frettabladid.is

Blaðagrein rússneska sendiherrans í Danmörku vekur ugg í brjóstum í dönsku atvinnulífi. Sendiherrann, Vladímír Barbín, fjallar í dagblaðinu Politiken í gær um hugsanleg skref Rússa gagnvart dönskum fyrirtækjum sem lagt hafa starfsemi sína í Rússlandi niður vegna innrásarinnar í Úkraínu.

Segir Barbín Rússa komna á þá skoðun að þeir eigi sjálfir að skipa þessum fyrirtækjum stjórnir. Heldur hann því fram að Vesturlönd hafi beitt fyrirtækin fáheyrðum þrýstingi til að yfirgefa markaðinn í Rússlandi.

„Rússland neyðist til að bregðast við. Sérstakar ráðstafanir verða tilkynntar á næstu dögum. Svarið verður sársaukafullt fyrir hinn vestræna efnahag,“ boðar sendiherrann í grein sinni.

Barbín notar reyndar ekki hugtakið þjóðnýtingu í grein sinni en Michael Bremerskov Jensen, deildarstjóri alþjóðaviðskipta hjá atvinnulífssamtökunum Dansk




Vladímír Barbín, sendiherra Rússlands í Danmörku

Erhverv, segir við Danmarks Radio að það sé þó það sem stefnt sé að.

„Þetta er önnur leið til að segja að dönsk fyrirtæki verði tekin yfir af fólki sem Rússar velja. Það er afar alvarlegt skref sem mun hafa afleiðingar til langs tíma,“ segir Bremerskov Jensen.

„Rússneskt efnahagslíf er í frjálsum falli í augnablikinu og maður skilur að Rússar vilji haldi atvinnulífinu gangandi með öllum þeim miðlum sem þeir hafa yfir að ráða,“ segir Bremerskov Jensen. Þjóðnýting myndi hins vegar brjóta gegn öllum alþjóðasamningum. Á hana yrði litið sem haldlagningu. Þess vegna muni slíkt skref hafa langtímaáhrif á vilja til að fjárfesta í Rússlandi. ■



Árásirnar eru farnar að færa nær höfuðborginni í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ekkert lát á árásunum

kristinnpall@frettabladid.is

Þrátt fyrir áframhaldandi friðarviðræður milli rússneskra og úkraínskra stjórnvalda er ekkert lát á árásunum Rússa. Aðalritari Sameinuðu Þjóðanna, Antonio Guterres, kallaði eftir því að innrásinni yrði hætt þar sem ekkert lát yrði á dauðföllum og eyðileggingu.

„Hver sem endalok þessarar innrásar verða, þá verður enginn sem

getur hrósað sigri í leiklok heldur aðeins litið á það sem glatast hefur,“ sagði Guterres í gær. Tæpar þrjár vikur eru frá upphafi innrásarinnar en 160 bílum tókst að yfirgefa hafnarborgina Mariupól í gær eftir þrálátar árásir Rússa undanfarna daga.

Á sama tíma segja talsmenn Kremlar ekki rétt að Vladímír Pútín hafi borist beiðni um fjarfund með Volodímír Selenskíj, forseta Úkraínu, né Joe Biden. ■



Xi Jinping, leiðtogi Kína, setti þjóðþingið fyrr í þessum mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Telur að afstaða Kínverja skýrist á komandi vikum

Kínverjar hafa reynt að milda efnahagshöggjöð í Rússlandi án þess að blanda sér of mikið inn í átökin. Pressan eykst sífellt á Kínverja að taka afstöðu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Kastljós heimsins færast í auknum mæli á Kínverja, aðgerðir þeirra eða aðgerðaleyfi, þegar kemur að stríðinu í Úkraínu. Helgi Steinar Gunnlaugsson, alþjóðastjórnmálafræðingur sem nam í Kína, telur að afstaða Kínverja muni skýrast betur á komandi vikum. Eftir því sem á líður verður verra fyrir Kínverja að gera ekki neitt.

„Kínverjar eru á milli steins og sleggu,“ segir Helgi. „Í gegnum tíðina hafa þeir ásakað Bandaríkjamenn fyrir að vera stríðsglaðir og því væri það hræsni af Kínverjum að styðja við stríð núna.“

Fregnir hafa borist af því að Rússar hafi beiðni Kínverja um hergagnaaðstoð en Kínverjar neitað að slík beiðni hafi borist. Bandaríkjamenn hafa á hinn bóginn hótað Kínverjum viðskiptaþvingunum aðstoði þeir Rússa við að komast hjá þeim þvingunum sem Vesturveldin hafa sett á þá.

Helgi telur líklegt að Vladímír Pútín Rússlandsforseti hafi búist við meiri stuðningi frá Kína en raun ber vitni. Á Vetrarólympíuleikunum í byrjun febrúar lýstu Pútín og Xi

Jinping, leiðtogi Kína, því yfir að vinarþel þjóðanna ætti sér engin takmörk. Kínverjar hafa hins vegar verið þöglir og sátu til dæmis hjá í kosningu Sameinuðu þjóðanna um hvort fordæma ætti innrásina.

„Rússar og Kínverjar hafa í gegnum tíðina verið vinir, en aðeins þegar það er hentugt,“ segir Helgi. „Þeir eru alveg eins fljótir að snúast gegn hvor öðrum.“

Helgi telur einnig líklegt að Kínverjar hafi ekki búist við allsherjar innrás og heldur ekki við að Vesturlönd og umheimurinn myndi bregðast svo harkalega við henni. Einkum í ljósi þess hversu litil viðbrögðin voru við hernámi Krímískaga árið 2014. Í trausti þess hafi Kínverjar sjálfir farið fram með þjófnaskap í Suður-Kínahafi. „Kínverjar eru örugglega að endurhugsa afstöðu sína til mögulegrar innrásar í Tævan,“ segir Helgi.

Varkárni er það sem einkennir kínversk utanríkismál núna enda staðan flókin. Þó að Vesturlönd ættu erfitt með að setja viðskiptaþvinganir á landið, séu Kínverjar mun háðari Vesturlöndum en Rússar. Viðskiptalega séð séu Rússar einnig mun háðari Kínverjum en öfugt. Þá er Kína einnig stærsta viðskiptaland Úkraínu og viðskiptalega séð skipti Úkraína og Rússland Kínverja jafn miklu máli.

Stefna Kínverja til langs tíma sé að taka við af Bandaríkjunum sem



Helgi Steinar Gunnlaugsson, alþjóðastjórnmálafræðingur

leiðandi þjóð á sem flestum sviðum. En það vilji þeir gera innan marka alþjóðalaga og alþjóðakerfisins, til dæmis með miklum fjárfestingum á erlendri grundu í formi verkefnisins Belti og braut. Lögmæti ríkisstjórnar Kína sé byggt á þjóðernishyggju annars vegar en efnahagsgróða og stöðugleika hins vegar. Þessu vilji Kínverjar ekki hrófla við.

Að sama skapi þurfi Kínverjar líka bandamenn til framtíðar, gegn Bandaríkjunum. „Rússar eru líklegastir til þess að vera bandamenn þeirra,“ segir Helgi.

Kínverjar hafa því að einhverju leyti mildað efnahagshöggjöð sem Vesturveldin hafa reitt Rússlandi. Til að mynda hefur Union Pay komið í staðinn fyrir VISA og Mastercard sem yfirgáfu landið og kínverskir bankar unnið með rússneskum. Helgi segir þó takmarkað hvað Kínverjar geti gert, því ef þeir aðstoða of mikið séu þeir að styðja við stríð. „Kína er frekar stjórnað af pragmatisma en hugmyndafræði,“ segir Helgi. ■

Söngskemmtun

Söngvar hjartans

Karin Torbjörnsdóttir 25. mars kl 20.00
Elena Postumi í Norðurljósum



ÍSLENSKA ÓPERAN



Eik fasteignafélag hf.

Aðalfundur 5. apríl 2022

Stjórn Eikar fasteignafélags hf. boðar til aðalfundar í félaginu kl. 16.00 þriðjudaginn 5. apríl 2022. Fundurinn verður haldinn rafrænt og í salnum Gullteig A, Grand Hótel Reykjavík.

Drög að dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagðir fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og nefnda fyrir störf þeirra fyrir komandi starfsár
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Tillögur að breytingum á samþykktum
7. Kosning stjórnar
8. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
9. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
10. Heimild til kaupa á eigin hlutum
11. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Aðrar upplýsingar:

Vefstreymi verður frá fundinum en hluthafar munu geta sótt fundinn í eigin persónu. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Atkvæðagreiðsla mun alfarið fara fram rafrænt í gegnum Lumi AGM án tillits til þess hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt. Hægt verður að bera upp skriflegar spurningar í gegnum snjallforrit eða heimasíðu Lumi AGM.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða í eigin persónu, eru beðnir um að skrá sig tímanlega á heimasíðunni www.lumiconnect.com/meeting/eik og ekki seinna en kl. 16.00 þann 4. apríl 2022. Opnað verður fyrir skráningu miðvikudaginn 16. mars 2022. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Hluthafar eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum heimasíðu Lumi AGM.

Hluthafi getur falið umboðsmanni að sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagsett og skriflegt umboð, en form að umboði er aðgengilegt á heimasíðu félagsins, www.eik.is. Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum og leggja fram ályktunartillögur ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til stjórnar félagsins eigi síðar en laugardaginn 26. mars 2022. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið stjornun@eik.is. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekin til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur fyrir framangreint tímamark, verða dagskrá og tillögur uppfærðar á heimasíðu félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar eigi síðar en þriðjudaginn 29. mars

2022. Mál sem ekki er getið í endanlegri dagskrá aðalfundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn. Þar sem fundurinn fer að hluta til fram rafrænt eru hluthafar beðnir um að láta vita fyrirfram, og svo tímanlega sem kostur er, ef þeir ráðgera að bera upp mál á fundinum.

Tillögur tilnefningarnefndar koma fram í skýrslu nefndarinnar sem er aðgengileg hluthöfum á heimasíðu félagsins. Frestir til að tilkynna um framboð til stjórnar á netfangið stjornun@eik.is lýkur sjö sólarhringum fyrir aðalfund, nánar tiltekið kl. 16.00 þriðjudaginn 29. mars 2022. Eyðublöð vegna framboðs til stjórnarsetu er að finna á heimasíðu félagsins og verða upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar birtar þar og verða til sýnis á skrifstofu þess eigi síðar en sólarhring eftir að framboðsfrestur rennur út.

Frestir til að tilkynna um framboð til setu í tilnefningarnefnd á netfangið stjornun@eik.is lýkur fimm sólarhringum fyrir aðalfund, nánar tiltekið kl. 16.00 fimmtudaginn 31. mars 2022. Eyðublöð vegna framboðs til setu í tilnefningarnefnd er að finna á heimasíðu félagsins og verða upplýsingar um frambjóðendur birtar á heimasíðu félagsins og í kauphöll eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir hluthafafundinn.

Aðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður, sbr. 11. gr. samþykktar félagsins. Aðalfundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn og atkvæðaseðlar einnig á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa og annað sem varðar aðalfundinn, svo sem endanleg dagskrá, tillögur stjórnar og hluthafa, starfskjarastefna, skýrsla tilnefningarnefndar félagsins, eyðublöð vegna umboðs og framboðs til stjórnar, upplýsingar um atkvæðagreiðslu, skjöl sem verða lögð fram

á aðalfundi, upplýsingar um frambjóðendur, upplýsingar um fjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu, er (eða verður eftir því sem þau verða til) að finna á heimasíðu félagsins. Auk þess munu viðeigandi gögn liggja frammi í höfuðstöðvum félagsins, að Sóltúni 26, 105 Reykjavík, þremur vikum fyrir aðalfundinn.

Á heimasíðu félagsins má finna upplýsingar um tillögur stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu félagsins og samþykktum ásamt yfirlit yfir ákvæði hinna nýju samþykktar og þær breytingar sem lagðar eru til auk þess sem þar er að finna hreint eintak af nýju samþykktunum. Í stuttu máli lúta tillögurnar að eftirfarandi:

- Lögð er til breyting á grein 4.3 í starfskjarastefnu félagsins.
- Lagt er til að samþykktar verði nýjar samþykktir fyrir félagið. Helstu efnislegu tillögur verða skipan tilnefningarnefndar og nefndarkjör, skipan stjórnar og stjórnarkjör auk þess að leggja í hendur stjórnar að ákveða hvort kjörinn skuli varaformaður stjórnar í stað þess að það sé gert á grundvelli áskilnaðar í samþykktum. Öðrum breytingum sem lagðar eru til á samþykktum er einkum ætlað að einfalda gildandi samþykktir, breyta uppsetningu og stuðla að innbyrðis samræmi.

Stjórn Eikar fasteignafélags hf.

Ný heimsmynd



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

McDonalds-kenningin um stríð er eitthvað á þá leið að engin tvö lönd með McDonald's-skyndibitastað færu í stríð hvort við annað. Þessi barnalega kenning var sönn ansi lengi. Auðvitað var átt við að ef miðstétt lands væri nógu öflug til þess að hægt væri að reka McDonald's þar, væri hún jafnframt nægilega velmegandi og tengd umheiminum til að hún skildi að stríð væri henni alltaf skaði og myndi því ekki styðja það.

Yfirstandandi stríð í Evrópu og raunveruleg kjarnorkuögn hefur sannarlega svert fagar hugmyndir mínar um 21. öldina. Leiðtogar á borð við Erdogan, Trump og ekki síst Pútín sem alið hafa á þjóðernishyggju og útlendingahatri hafa traðkað á von og trú um að heimsvæðingin myndi með tímanum gera lítið úr mikilvægi landamæra.

Fleiri en ég hafa trúað á sína útgáfu af McDonald's-kenningunni. Trúað því að það væri alltaf hagur þjóða að stunda viðskipti við umheiminn og að bein innrás myndi alltaf valda meiri skaða en ávinningi. En til þess að þjóð geti haft skoðun á raunveruleikanum þarf hún að hafa aðgang að upplýsingum. Hver hefði trúað því að á tímum gríðarlegs upplýsingaflæðis tækist þjóðarleiðtogum að mata þegna sína með falsfréttum og lygum eða halda þeim í sótsvörtu myrkrinu? Rússneska þjóðin fær skammtaðar ofan í sig lygar um ástæður og framgang innrásarinnar í Úkraínu og eru ströng viðurlög við neikvæðri umræðu um Pútín og stríðsrekstur hans. Rússneska þingið samþykkti í byrjun mánaðarins að dæma megi fólk í allt að fimmtán ára fangelsi fyrir að nota orðin stríð, árás eða innrás um það sem þeir vilja kalla „sértæka hernaðaradgerð“ í Úkraínu.

Kjarnorkuvána sem einkenndi að miklu leyti seinni hluta síðustu aldar ímyndaði ég mér ekki að upplifa í eigin hjarta. Í bjartsýnskasti mínu og mögulega barnskap hélt ég að við værum komin lengra. Að hugmyndin um tortímingu eina heimilis okkar allra væri sturluð og útilokuð, ef frá er talin hægari tortíming af völdum hlýnunar jarðar, en ég hafði jafnvel trú á að við gætum leyst þann vanda.

Kenningin er fallin, þó svo að McDonald's hafi reyndar lokað stöðum sínum í Rússlandi í kjölfar innrásar í Úkraínu. Ekki bjóst ég við að upplifa aðra eins tíma á öld tækni, framþróunar og upplýsinga.

En ég hélt líka að tími lítilla, einangraðra, stríðsódra karla með mikilmenskubrjálæði væri að mestu liðinn. ■

”
Hver hefði trúað því að á tímum gríðarlegs upplýsingaflæðis tækist þjóðarleiðtogum að mata þegna sína með falsfréttum og lygum eða halda þeim í sótsvörtu myrkrinu?

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Tilfinningarót

Það þarf meira en tveggja ára heimsfaraldur með fjöldatakmörkunum og sóttvarnahólfum til að koma almennilegu róti á tilfinningalíf íslenskrar þjóðar. Og meira en nokkurra vikna Evrópustríð með skelfilegum afleiðingum fyrir saklausa borgara álfunnar til að koma eyjarskeggjum í útnára hennar í alvöru uppnám. Skæðadriфа vægðarlausra lægðamergða hefur heldur ekkert að segja. Þá fyrst hvín í tálknun þegar kemur að lokavöldi íslensku söngvakeppninnar. Þar er komið að ögurstundu í andlegri liðan þjóðarinnar, því eina sem skiptir hana í raun og veru máli.

Gufunesbardagi

Það er þá sem landsmenn þekkja edli sitt og upplag. Akkúrat þá skiptast þeir í fylkingar og steyta atgeirana, skekjandi herklæðin og hrækjandi út úr sér ókvæðis-orðunum svo undir tekur í nærliggjandi fjöllum. Og tími Sturlunganna rennur upp að nýju, svo blöðlyktina leggur um heiðar og dali, enda er barist af vörpulegri vígfími í Gufunesbardaga allra tíma – og engar sættir í boði, hvorki í lífi né dauða. Og þannig mun lífið á tündrunni tæpu endurtaka sig frá einu vori til annars: vinningslagið er æðislegt eða óþolandi og um það skal barist til síðasta manns. ■

Þjóðaröryggi og frelsi



Þorgerður Katrín
Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Átökin í Úkraínu og breytt heimsmynd kallar á nánari samvinnu innan NATO og ESB. Ísland er þar engin undantekning. Viðreisn hefur nú lagt fram þingsályktunartillögu um auknið samstarf í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum.

Við teljum þörf á áætlun um aukna þátttöku Íslands í borgaralegum störfum vegna sameiginlegra verkefna NATO. Nú þegar bandalagsríki okkar stórauка framlög til varnarmála er rétt að Ísland leggi sitt af mörkum, með sínum hætti.

Þegar öryggisumhverfi heimsins er gjörbreytt verður að taka upp virkt samtal við þann aðila sem hefur skuldbundið sig til að tryggja ytri varnir ríkisins. Það er mikilvægt að varnarsamningurinn við Bandaríkin feli í sér vörn gegn netárásum og tryggi órofið samband Íslands við umheiminn á ófriðartímum, svo sem á sviði flutninga, fjarskipta og orkuöryggis. Þörf er á skýrari og afgerandi verkferlum, komi til þess að virkja þurfi aðstoð á ófriðartímum.

Meta þarf út frá hagsmunum landsins hvort tryggja þurfi viðvarandi veru varnarliðs hér á landi. Forsætisráðherra slær þennan möguleika út af borðinu, mat á öryggishagsmunum má ekki einu sinni fara fram. Þetta er varasamt út frá sjónarmiðum þjóðaröryggis; viðkvæmi innan flokks forsætisráðherra við að nefna varnarlið og NATO getur ekki ráðið för.

Samvinna þjóða um varnarmál og viðskipti eru tvær hliðar á sama peningnum. Þar sem frelsi, lýðræði og efnahagslegur stöðugleiki ríkir eru meiri líkur á að varanlegur friður ríki. Yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar er fylgjandi veru okkar í NATO og samkvæmt nýjustu könnunum er tæpur helmingur þjóðarinnar fylgjandi aðild að ESB en einungis þrettán prósent andvíg. Viðhorf almennings hafa skiljanlega breyst. Öryggi smáþjóðar, gildi og staða eru sterkari, verandi fullur þátttakandi í stærri heild.

Það er brýnna en áður að ræða utanríkis- og varnarmál í heildstæðu samhengi og meta hvar hagsmunum Íslands er best borgið. Virkari þátttaka í NATO og full aðild að Evrópusambandinu eru þar augljósir kostir. Síðustu atburðir sanna það. Þess vegna leggjum við fram okkar þingsályktunartillögu. ■

”
Samvinna þjóða um varnarmál og viðskipti eru tvær hliðar á sama peningnum.

Ef þú lest
Morgunblaðið,
þá ert þú líklega
eldri en þú heldur.

Þekktu einkennin — upp með sokkana!

MOTTUMARS

Krabbameinsfélagið



mottumars.is

Reynslan sýnir að Rússar lærðu ekki af reynslunni í Afganistan



Hilmar Þór Hilmarsson
prófessor við Háskólinn á Akureyri

Stríðið í Úkraínu heldur áfram. Mannlegur harmleikur og eyðileggingin er skelfileg. Sumir hernaðarsérfræðingar sem ég hef heyrt í segja að til lengri tíma litið muni Rússar vinna hefðbundið stríð gegn Úkraínu, en hafa þarf í huga að þetta er ekki bara hefðbundið stríð milli herja Rússlands og Úkraínu. Almennir borgarar í Úkraínu eru líka í stríði við rússneska herinn. Það verður erfitt fyrir Rússa að ná allri Úkraínu, enn erfiðara að halda henni. Þetta hefðu Rússar átt að læra af reynslunni af stríðinu í Afganistan sem átti stóran þátt í falli Sovétríkja-anna 1991.

Innrás Rússa í Úkraínu 2022 var alvarleg mistök fyrir þá sjálfa og getur á endanum ógnað stöðugleika innan rússneska ríkjasambandsbandsins sem á um 6.000 kjarnorkuvopn (e. nuclear warheads). Rússland er einangrað gagnvart Vesturlöndum, en sumar refsiaðgerðir ESB bitna jafnvel harðar á Evrópu en Rússlandi. Nord Stream 2 gasleiðslan milli Rússlands og Þýskalands, sem ekki verður tekin í notkun a.m.k. í bráð, mun t.d. valda búsisfjum í Þýskalandi og veikja samkeppnisstöðu Þýskalands t.d. gagnvart Austur-Asíu. Rússar munu nú í auknum mæli beina gassölu til Kína og enn á eftir að koma betur í ljós hvort og hvernig Kína aðstoðar Rússland á meðan á stríðinu stendur.

Það er vinsælt á Vesturlöndum að halda því fram að Úkraína eigi að fara í NATO strax og svo nú í ESB strax. NATO-hugmyndin var óraunhæf meðal annars vegna þess að NATO-leiðtogar voru ekki tilbúnir að hleypa Úkraínu inn þegar til kom. Í fjórtán ár skröfðu leiðtogar NATO um málið í Brussel. Forseti Úkraínu bað um aðild áður en að innrás Rússa kom á þessu ári. Hann bað um heiðarlegt svar, en það kom ekki. Hann túlkaði þetta sem hræðslu NATO-leiðtoga.

Nú er Úkraína búin að sækja um ESB-aðild og hefur hlotið stuðning þar á bæ. Það er skárri hugmynd að Úkraína fari í ESB en NATO. Rússar líta á NATO sem hernaðarbandalag, ekki varnarbandalag. ESB hefur ekki sameiginlegan her og er minni ógn fyrr Rússland.

Samningaviðræður við ESB munu taka mörg ár. Framkvæmdastjórn ESB þarf að leggja mat á stöðu Úkraínu og kortleggja hvaða aðstoð landið þarf til að aðlagast EBS. Það er erfitt fyrir ESB að senda sendinefnd til Úkraínu til að meta stöðuna í miðju stríði. Enn erfiðara fyrir embættismenn í Úkraínu að sitja langa og stranga samningafundi undir sprengjuárásu Rússa. ESB stendur ekki vel eftir Covid-19, sum stærstu aðildarríkin orðin mjög skuldsett sérstaklega Ítalía, Frakkland og Spánn. Þýskaland stendur heldur ekki vel.

ESB-aðild Úkraínu myndi raska valdahlutföllum innan ESB Mið- og Austur-Evrópulöndum í hag og um það mál þarf að semja við ríki ESB-ríki sem munu fjármagna aðstoð við Úkraínu að mestu. Pólland hefur t.d. 52 af 705 þingmönnum á Evrópuþinginu og Úkraína er fjölmennara land en Pólland. Það er engin tilviljun að leiðtogar/forsetar Austur- og Mið-Evrópulanda tala um ESB-aðild Úkraínu í náinni framtíð á meðan fulltrúar t.d. Þýskalands og Hollands eru varfærari.

Enn er óljóst hvað kemur út úr núverandi stríði. Nú eru stjórnvöld hins vegar búin að senda inn umsókn um ESB-aðild. Vonandi

fara Rússar að sjá að best er að semja um frið við Úkraínu og Vesturlönd. Núverandi stríðsrekstur hefur stórskadað Úkraínu, en mistökin sem Rússland gerði með innrás 2022 verða þeim líka dýrkeypt. Verði friður getur ESB farið að kanna hvaða aðstoð Úkraína þarf frá ESB, áður en til aðildar kemur (e. Pre-Accession Assistance), t.d. til að byggja upp stofnanir landsins, styrkja lýðræði, takast á við spillingu og byggja upp innviði landsins að nýju. Eins og í tilviki Eyrstrasaltsríkjanna getur



aðstoðin staðið yfir árum saman áður en til formlegrar ESB-aðildar kemur. Einnig er líklegt að Úkraína fái viðtækan tvíhliða stuðning vinveittra Vesturlanda auk stuðnings frá Alþjóðabankanum og Alþjóðagjald-eyrissjóðnum þar sem Bandaríkin eru áhrifamikil.

Höfundur starfaði fyrir Alþjóðabankann um tólf ára skeið, þar á meðal sem stjórnandi og sérfræðingur á skrifstofu Alþjóðabankans í Riga, Lettlandi, í fjögur ár og í Hanoi, Vietnam, í þrjú ár. ■

SAMORKA

Samtök orku- og veitufyrirtækja

Ársfundur
2022

GRAÆN FRAMTÍÐ HVAÐ ÞARF TIL?

15. MARS KL. 13:00

NORÐURLJÓSUM, HÖRPU

Opnun fundar

Berglind Rán Ólafsdóttir, stjórnarformaður Samorku og framkvæmdastýra ON

Ávarp

Guðlaugur Þór Þórðarsson, ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála

Orkumál og græn framtíð

Halla Hrund Logadóttir, Orkumálastjóri

Græn framtíð – hvað þarf til ?

Dagný Jónsdóttir, deildarstjóri Auðlindagarðs HS Orku og Jóhannes Þorleiksson, forstöðumaður rafveitu hjá Veitum

Hlutverk rafeldsneytis

Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Icefuel

Græna iðnbyltingin

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins

Hringrásarhagkerfið í grænni framtíð

Björgvin Sævarsson, Yorth Group

Nýsköpunarverðlaun Samorku

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála, afhendir verðlaunin

Léttar veitingar í fundarlok

DAGSKRÁ OG SKRÁNING
Á SAMORKA.IS



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Guðrún Eyjólfsdóttir
Aflagranda 40,
lést á dvalarheimilinu Grund við Hringbraut miðvikudaginn 9. mars. Útförin verður auglýst síðar.

Brynjólfur Á. Guðbjörnsson
Gunnar Þórólfsson
Elisabet Þórólfsdóttir
Meyvant Þórólfsson
Bjarni Þ. Þórólfsson

Sigríður S. Halldórsdóttir
Jóhanna Friðgeirsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir
Hrefna S. Briem

barnabörn og aðrir afkomendur.



Okkar ástkæra
Svava Jenný Þorsteinsdóttir
Holtsgötu 41, Reykjavík,
lést miðvikudaginn 9. mars á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 18. mars kl. 10. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á að styrkja neyðarsöfnun UNICEF.

Guðrún Indriðadóttir
Sigurður Indriðason

Friðrik Ari Friðriksson
Sólveig Kristinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingveldur Hafðis Guðmundsdóttir
lést á Hrafnistu, Nesvöllum, sunnudaginn 6. mars sl. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 17. mars og hefst athöfnin klukkan 13.

Gísli Steinar Sighvatsson
Sigrún Sighvatsdóttir
Steinunn Sighvatsdóttir
Guðmundur Ó. Sighvatsson

Ólöf Steinn Ólafsdóttir
Karl Georg Magnússon
Gunnar Þórarinnsson
Erna Reynaldsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Magnús Tumi segir að ef gjósi á svæðinu á næstunni sé líklegast að það yrði á sama stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYFÓR

Ársuppgjör við Fagradalsfjall

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur flytur erindi í Grindavík á miðvikudag í tilefni af eins árs afmæli eldgossins við Fagradalsfjall í vikunni.

arnartomas@frettabladid.is

Laugardaginn 19. mars verður liðið ár frá því gos hófst við Fagradalsfjall og langri skjálftahrinu lauk. Í tilefni þess mun Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur flytja erindi um tíma-mótin í menningarhúsinu Kvikunni í Grindavík annað kvöld.

„Ég ætla að segja aðeins frá gosinu og hvernig það kemur út í samanburði við önnur gos og svo við hverju megi búast í framhaldinu,“ segir Magnús Tumi og bendir á að einmitt í Grindavík hafi áhrif jarðhræringanna verið talsverð. „Jarðskjálftahrinan var mjög áköf í febrúar og mars og íbúar í Grindavík var skiljanlega orðnir ansi þreyttir. Í kjölfarið fylgdi gos sem hegðaði sér býsna vel og hætti áður en það fór að valda nokkrum skemmdum svo að fólk var létt.“

Þegar horft er um öxl segir Magnús Tumi stóru tíðindin í kringum jarð-

hræringarnar vera að það skyldi á annað borð gjósa.

„Það þarf að fara aftur til 1240, á Sturlungaöld, til að finna síðasta gos á Reykjaneskaga. Þetta er búið að vera næstum 800 ára hlé,“ segir hann. „Þetta er mun þéttbylla svæði en þar sem flest önnur gos verða. Það var til að mynda mikið lán að gosið í Holuhrauni var 80 kílómetrum frá næstu byggð því það var mun stærra en þetta gos.“

Þótt gosið hafi ekki verið mjög öflugt var það þó í meðallagi á íslenskan mælikvarða.

„Það dreifði ekki mikið úr sér því þarna voru þessir dalir sem tóku við því. Gosið tók líka upp á því að koma í rykkjum sem stóðu í hálfan til heilan sólarhring og þá þurfti allt að byrja upp á nýtt og þá náði það aldrei að dreifa úr sér almennilega,“ segir Magnús Tumi. „Fyrst svona gos þurfti að eiga sér stað þá hefðum við ekki getað beðið um meira hvað varðar staðsetningu og goshegðun.“

Magnús Tumi segir erfitt að segja fyrir um hvort muni gjósa aftur á svæðinu. „Skömmu fyrir jól kom skjálftahrina sem svipaði til þeirrar í undanfara gossins, en sú dó út áður en nokkuð gerðist,“ segir hann. „Landris virðist ekki vera



Fyrst svona gos þurfti að eiga sér stað þá hefðum við ekki getað beðið um meira hvað varðar staðsetningu og goshegðun.



Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur

alveg búið svo við vitum ekki alveg hvort atburðarásinni sé lokið en það verður bara tíminn að leiða í ljós. Ef það gýs eitthvað á næstunni er þó langlíklegast að það gerist á sama stað.“

Erindi Magnúsar Tuma í Kvikunni hefst klukkan 20 á morgun, miðvikudagskvöld, og er aðgangur ókeypis. ■



Okkar kærri faðir og bróðir,
Jóhannes Stefánsson
Hjallalundi 5, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Lögmanshlíð 26. febrúar. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

Stefán Ævar Jóhannesson
Sigurbjörg Jóhannesdóttir
og systkini.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ásta Sigurðardóttir
Túngötu 3, Vestmannaeyjum,

lést á hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum Vestmannaeyjum miðvikudaginn 9. mars. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 26. mars kl. 13.

Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbavörn Vestmannaeyja: 0582-26-2000, kt. 651090-2029.

Athöfninni verður streymt á vef Landakirkju, landakirkja.is.

Sigurður K. Ragnarsson
Daði Garðarsson
Ásbjörn Garðarsson
Gylfi Garðarsson
Sigmar Garðarsson
Lilja Garðarsdóttir
Gerður Garðarsdóttir

Margrét Elin Ragnheiðardóttir
Magnea Ósk Magnúsdóttir
Ragna Garðarsdóttir
Gísli Magnússon
Eyjólfur Heiðar Heiðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Eygló Svana Stefánsdóttir
hjúkrunarfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Seltjörn laugardaginn 12. mars.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 21. mars klukkan 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hlíðabæ og Seltjörn fyrir umhyggju og hlýhug.

Þórhallur Sveinsson
Próstur Þórhallsson
Sveinn Þór Þórhallsson
Anna Steinunn Þórhallsdóttir
Hrund Þórhallsdóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Ásdís María Thorarensen
Guðrún Gunnarsdóttir

Einar Freyr Pálsson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Hannes Steingrímsson
Viðilundi 24,

er lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 3. mars verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.

Þeim sem vilja minnst hans er bent á að hafa samband við Oddfellowstúkuna nr. 2, Sjöfn á Akureyri.

Svavar Hannesson
Steingrímur Hannesson
Erla Elisabet Sigurðardóttir
afa- og langafabörn.

ALLT

Gólfefni
KYNNINGARBLAÐ




FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 15. mars 2022

25%
afsláttur
af öllum
flísum

Gildir til 16. mars

Flísadagur!



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Salbjörg Ólafsdóttir sölumaður hjá Byko í Breidd segir starfsfólk leggja sig fram um að veita ráðgjöf við val á gólfefnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í BYKO færðu allt til alls á gólfm

Í BYKO fæst mikið úrval af gólfefnum, bæði flísum og parketi. Starfsfólk BYKO veitir ráðgjöf og þjónustu við val á réttu efnunum en hægt er að gera sér pantanir sé þess óskað. **2**

„Við erum með gott úrval af gólfefnum, parketi og flísum. Við erum með harðparket, vinylparket og viðarparket. Flísar í ýmsum litum og stærðum og með úrval af gólf-listum og hurðum,“ segir Salbjörg Ólafsdóttir, sölumaður í verslun BYKO Breidd.

„Við erum með nokkrar týpur af parketi sem koma í tveggja metra löngum borðum og eru breiðari en hefðbundin borð, eða 24 cm. Það hefur verið vinsælt, sérstaklega á stærri rými en það er hægt að leggja það á 10 metra flæði áður en þarf að skera það.“

Salbjörg segir að harðparket sé vinsælustu parketin enda sé þau í dag orðin mjög sterk og yfirleitt ódýrari en viðarparket. En þó eru alltaf einhverjir sem vilja frekar viðarparket.

„Við erum með nokkrar týpur af krosslímdu viðarparketi. Eini munurinn á viðarparketinu og harðparketinu er að viðarparketið tekur lit með tímanum. Það er mögulega hægt að pússa það einu sinni til tvisvar á líftímanum. En liturinn er stöðugur á harðparketinu, hann breytist ekki. En þetta er allt svipað sterkt orðið og bæði harðparketin og viðarparketin þola allt að 27 gráðu gólfhita,“ útskýrir hún.

Parket sem þolir ágang

Salbjörg segir að harðparketborðin í dag séu þjöppuð undir 900 kílóa þrýstingi og filman á þeim sé mjög sterk.

„Við erum með austurrískt viðarparket frá Scheucher og þýskt harðparket frá Krono Original. Harðparketin eru alveg frá 8 mm upp í 14 mm þessi þykkustu. Hörkustuðlarnir sem við erum með eru frá AC4 upp í AC6. AC6 er hæsti hörkustuðullinn, það er sem sagt mesta þolið í því parketi,“ útskýrir hún.

„Sem dæmi þá er AC6 góður stuðull ef þú ert að parketleggja á kaffihúsi, til dæmis í Kringlunni þar sem er mjög mikill ágangur. Það þolir mikið álag. Það er oft talað um að AC5 henti á heimili þar sem er mikið álag á gólfinu, kannski þar sem er mikið af börnum og stórir hundar. En því færri sem eru á heimili því lægri stuðull dugur. Þetta er spurning um hver umgengnin er.“

My Style línan frá Krono Flooring hefur verið vinsæl að sögn Salbjargar.

„Í línunni eru sex parket sem eru í þessari hefðbundnu stærð, 128x19 cm. Svo erum við með þrjár tegundir sem eru með stærri borð,“ segir hún.

„Það er alltaf einhver hópur sem vill halda sig við gráa liti og þá erum við með eina týpu sem heitir Wilderness eik og aðra sem heitir Misty Plain. Svo erum við með annað sem heitir Wild West sem er hlýrra, mikið líf í því og mjög náttúrulegt parket. Þetta eru allt 12-14 millimetra þykk parket, sem eru þá komin í AC5-AC6 hörkustuðla. Svo erum við með nokkrar tegundir af vatnspölnu parketi sem þolir að vatnspölnur liggi á því í allt af sólarhring.“

BYKO selur einnig tvær tegundir af vinylparketi. Salbjörg segir þau ekki hafa notið eins mikilla vinsælda og harðparketin og viðarparketin hafa þó verið að sækja á.

„Þau eru vatnspölin. Önnur tegundin er vinylparket með viðaráferð og kork-undirlagi sem er hljóðeinangrandi. Hin tegundin er þynnri og er vinylni í gegn, það er ekkert undirlag undir því,“ segir Salbjörg.

„Ef þú vilt parketleggja inn á badherbergi hjá þér, þá er vinylparket væntanlega parketið sem þú færir í.“



Í BYKO er mikið úrval flísa og oft er hægt að sérpanta ákveðnar stærðir og liti.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Stefnt er að því að taka flísadeild BYKO í gegn og leggja áherslu á flísar sem má sérpanta. En úrvalið er fjölbreytt af litum og stærðum. MYNDIR/AÐSENDAR

Undirlagið skiptir máli

Í BYKO fæst allt til alls á gólfina að sögn Salbjargar. Nýlega var tekin inn ný týpa af undirlagi frá Krono Flooring.

„Þetta er undirlag sem er gert sérstaklega fyrir gólfhita. Það er alltaf mikilvægt að hafa undirlag með parketi. Það dempar umganginn á parketinu og bæði hljóðeinangrar og einangrar hita. Við mælum alltaf með að fólk noti undirlag. Það hefur oft komið í ljós þegar fólk er að taka parket af gólfum að það er bara gamall pappír eða svampur undir parketinu,“ segir hún.

„Það eina sem svampundirlag gerir er að það heldur parketinu uppi í einhvern tíma, en það einangrar ekki, það hleypir hita og kulda í gegnum sig og það er ekki mikil hljóðdempun í því.“

Hjá BYKO er einnig hægt að kaupa þrífaefni frá sama framleiðanda og gerir harðparketið.

Flísar í mörgum litum og stærðum

Salbjörg segir að stefnt sé að því að taka flísadeild BYKO í gegn og leggja áherslu á þær flísar sem má sérpanta.

„Við erum með lagervörur en svo er hægt að sérpanta ákveðna liti eða stærðir ef framleiðandinn býður upp á það. Við viljum leggja áherslu á það og sýna allt úrvalið. Ekki bara þær vörur sem til eru á lager,“ útskýrir hún.

„Íslendingar eiga það til að vera svolítið gráir en þeir eru samt sumir að verða djarfari og taka veggflísar í litum og mynstrum og jafnvel fúgur í litum. Á vefsíðu BYKO má finna vörumerkin sem við seljum og það er hægt að fara á vefsíður hjá birgjunum og skoða hvað er í boði þar. Svo er hægt að hafa samband við okkur og athuga hvort hægt sé að sérpanta.“

Flísarnar í BYKO eru oft í stærðunum 60x60 cm, 30x30 cm



Á vefsíðu BYKO má finna vörumerkin sem þar eru seld og svo má skoða úrvalið á vefsíðum birgjanna og athuga hjá BYKO hvort sérpöntun er í boði.



Fólk er orðið djarfara að taka veggflísar í ýmsum litum og mynstrum.

Þetta er allt svipað sterkt orðið og bæði viðarparketin og harðparketin þola allt að 27 gráðu gólfhita.

eða 30x60 cm. Salbjörg segir að oft sé hægt að sérpanta þær í öðrum stærðum eins og 90x90 cm eða 90x60 cm.

„Erlendis eru gólf flísar oft 80x80 cm og við sjáum fram á að það verði þannig hér líka. Að það verði framtíðin að taka stærri flísar, við höfum fundið fyrir því að fólk er oft að óska eftir þeim,“ segir Salbjörg.

„Ég fór á flísasýningu síðasta haust og þá sögðu birgjarnir okkur að erlendis væru stórar flísar mjög algengar en við erum oft lengur að taka við okkur hér á klakanum. En fólk er aðeins farið að vilja breyta til og taka meiri sýna.“

Fólk er alltaf velkomið að koma í BYKO og fá ráðleggingar um hvað hentar. Salbjörg segir vel tekið á móti öllum og sölumennirnir leggja sig fram um að veita góða ráðgjöf og finna hvað passar best fyrir hvern og einn. ■

Gakktu á gæðagólfu

BETESMARK parket lítur út eins og viður en er jafnframt endingargott og vatnspolið og getur því verið á baðherbergjum og í eldhúsum. BETESMARK er flokkað með AC5 endingu sem er hæsti styrkleikinn og þolir því að vera á opinberum stöðum þar sem er mikill umgangur og á heimilum.

BETESMARK parket, eik ólitað

3.290,-/m²

Verslun opin 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)



Húsmiðjan setur aukinn kraft í gólfefni

Hjá Húsmiðjunni fá landsmenn mikið úrval af flisum og parketi frá þekktum framleiðendum á góðu verði. Starfsfólk Húsmiðjunnar býr yfir mikilli reynslu og þekkingu og aðstoðar viðskiptavinum við val á réttu vörinni.

Húsmiðjan leggur mikinn metnað í að bjóða mjög breitt úrval af parketi í verslunum sínum. „Það hefur alltaf verið okkar stefna að vera mjög framarlega þegar kemur að úrvali, verði og gæðum, hvort sem um er að ræða harðparket í ýmsum gæðaflokkum eða vinylparket í mjög fjölbreyttu úrvali,“ segir Eggert Þorsteinn Gottskálksson, vörustjóri hjá Húsmiðjunni.

Þegar kemur að vali á framleiðendum á parketi gerir Húsmiðjan miklar kröfur til þess að gæði, útlit og verð fari saman. „Meðal helstu framleiðanda okkar í harðparketi má meðal annars nefna Alsapan frá Frakklandi og Kaindl Flooring frá Þýskalandi. Við höfum átt gott samstarf við báða framleiðendur sem bjóða upp á gæðavörur á sanngjörnu verði.“

Vinylparket sækir í sig veðrið

Vinylparket hefur verið að sækja verulega í sig veðrið undanfarin ár, segir Eggert. „Við sjáum að fólk er að sækjast eftir gæða vinylparketi með góðri hljóðvist og þykku yfirlagi. Helstu framleiðendur okkar eru Alsapan frá Frakklandi sem býður upp á mjög góða vöru í flottu litaúrvali og háum gæðum, og Lamett sem býður upp á mjög breiða línu af vinylparketi í ýmsum útfærslum.“

Granorte er annar framleiðandi vinylparkets sem við erum mjög ánægðir með en þetta er framleiðandi frá Portúgal sem framleiðir hágæða vinylparket með korkundirlagi, svokallað korkparket en í parketmynstri.“

Eitthvað við allra hæfi

Harðparketið er vinsælasta gólfefnið hjá Húsmiðjunni um þessar mundir, segir Eggert. Hann segir að viðarparket sé á hraðri útleið meðan bæði harðparket og vinylparket sé búið að taka yfir markaðinn. „Framleiðslutækni harð- og vinylparkets er orðin það þrúð og neytendur finna mikinn mun á því hve gólfinn halda sér vel og skemmast og rispast síður. Þau útlit sem eru í boði í harð- og vinylparketi eru orðin það fjölbreytt og flott að það má vart á milli sjá hvort um harðparket eða viðarparket sé að ræða.“

Harð- og vinylparket eru til í fjölbreyttu útliti og litum þannig að allir aldurshópar geta fundið útlit og lit sem hentar. „Yngri fólk er að fara meira í liti sem eru í straumum og stefnum hverju sinni en eldra fólk er mikið að taka klassíska liti.“

Parketlagningarefni skipta máli

Húsmiðjan býður auk þess upp á mikið úrval af parketlagningarefnum. „Það er ekki síður mikilvægt að vanda valið þegar kemur að undirlagi, gólflistum og fráganglistum en þar bjóðum við mikið úrval gæðafna á góðu verði. Hvort sem um er að ræða hljóðeinangrandi undirlag fyrir harðparket, gólfista til að klára verkid eða fráganglista þar sem mismunandi gólfefni eru að mætast, til dæmis flisar og parket, þá eigum við lausnina í flestum tilfellum.“

Gott framboð af flisum

Húsmiðjan býður einnig upp á gólf-flisar, veggflisar, frostþolnar flisar, mósaik og ýmsar myndstur-



Verslanir Húsmiðjunnar bjóða upp á mjög gott úrval af flisum og parketi.

MYND/ADSEND

Það hefur alltaf verið okkar stefna að vera mjög framarlega þegar kemur að úrvali, verði og gæðum.



Eggert Þorsteinn Gottskálksson

flisar í mörgum litatönnum og mismunandi útliti í mikilli breidd, segir Eggert. „Húsmiðjan er með mjög mikið úrval af gæðaflisum frá ýmsum flisafremleiðendum, þá helst frá Spáni, sem hafa reynst okkur vel.“

Flisarnar frá Húsmiðjunni fást í ólíkum stærðum að sögn Eggerts. „Við bjóðum allt frá 10x10 flisum á vegg og gólf, upp í 120x180 cm flisar sem líka eru notaðar sem borðplötur. Þær stærðir sem eru þó vinsælastar eru 30x60 cm flisar og 60x60 cm flisar.“

Litir og áferð þeirra eru mjög mismunandi að hans sögn en Húsmiðjan fylgist vel með því hverju markaðurinn kallar eftir og bregst skjótt við. „Við bættum stöðugt inn í vöruframboðið af flisum og tókum þá líka út það sem ekki er að falla í kramið hjá markaðnum. Þá fylgjumst við með straumum og stefnum í litum til að geta mætt þeim með vöruframboði okkar af flisum.“

Vöruframboð í stöðugri þróun

Nýjasta línan í flisum hjá Húsmiðjunni eru 45x90 cm flisar með hálkustuðli R11 sem hentar vel til dæmis fyrir verslanir og stofnanir og þar sem gerð er rík krafa um góða hálkuvörn og álagspól. „Þessi lína verður til sýnis í verslunum okkar um miðjan apríl. Þá erum við stöðugt að þróa vöruframboð okkar og komum til með að bjóða



Húsmiðjan býður einnig upp á gólf-flisar, veggflisar, frostþolnar flisar og mósaik.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



útliflisar í sumar sem eru 20 mm þykkar og 80x80 cm stórar og hægt er nota á hina ýmsu fleti utanhúss. Einnig verðum við með nýjungar fyrir heimilið: 80x80 cm og 60x90 cm flisar í ýmsum litum og áferð.“

Flísalagnaefnin eru ekki síður

mikilvæg, segir Eggert. „Mapei er framleiðandi okkar á flísalími, fúgu, grunnum og vatnspéttiefnum. Það er mjög mikilvægt þegar flisar eru lagðar að nota gæða flísalagnaefni, ekki síst í votrymi þar sem gerð er krafa um að vatns-

Hljóðvistarplötur á vegg hafa komið sterkt inn undanfarið og njóta sífellt meiri vinsælda.

MYND/ADSEND

verja fleti til að koma í veg fyrir leka. Þá er eins gott að nota þau efni sem góð reynsla er af á íslenska markaðnum.“

Að lokum nefnir hann hljóðvistarplötur sem hafa komið mjög sterkar inn á síðustu misserum. „Húsmiðjan tók inn nýjan birgja af þeim um síðustu áramót. Viðtökur hafa verið frábærar og höfum við núna ákveðið að auka úrvalið til muna. Í dag bjóðum við þessar plötur á mjög samkeppnishæfu verði í eik, reyktri eik, svartri eik, grátri eik og hnotu.“

Mikil þekking og reynsla

Húsmiðjan hefur á að skipa öflugum starfsfólki í verslunum sínum en sumt býr yfir þekkingu og reynslu af sölu gólfefna til margra áratuga. „Húsmiðjan leggur metnað sinn í að þjónusta og leiðbeina fólki á sem bestan máta þegar kemur að vali á gólfefnum fyrir heimili og fyrirtæki. Þá má benda á husa.is þar sem gott er að byrja til að fá hugmyndir. Síðan eru verslanir okkar um allt land að bjóða faglega þjónustu og gott viðmót og gefa ráðleggingar og góð tilboð.“

Nánar á husa.is.



HÚSMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

30%

afsláttur

af öllu parketi og flísum

Skoðaðu úrvalið á husa.is



Fataherbergið er inn af hjónaherbergi og með sams konar teppi á gólfinu.

Með flöskugrænt flauelsteppi í svefnherberginu



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Tinna Vibeka Ómarsdóttir og Benjamín Bjarnason gerðu upp íbúð í Kópavogi með frábærum árangri. Þau sýndu framkvæmdirnar í Heimsókn á Stöð 2 og vakti þátturinn mikla athygli.

Heimilið er smekklega búið og þau Tinna og Benjamín fengu mikil og góð viðbrögð eftir þáttinn. Tinna segir að það hafi verið mjög skemmtilegt að standa í breytingunum og að hún hlakki til að gera þetta aftur. „Kannski ekki alveg strax en eftir nokkur ár,“ segir hún. Það þykir afar óvenjulegt í dag að fólk velji teppi á gólf. Tinna og Benjamín voru því nokkuð sér á parti þegar þau völdu grænt teppi með flauelsáferð á svefnherbergi og fataherbergi. Tinna segir að hún hafi dvalið mikið í Bandaríkjunum en þar í landi eru gólfteppi enn mikið notuð. „Mér fannst svo hlýtt og notalegt að stíga fram úr rúminu á mjúkt teppi,“ segir hún. „Þess vegna valdi ég frekar teppi en parket á herbergið. Við vorum með gólfhita í fyrri íbúð en vorum ekki nægilega ánægð með hann til að fá okkur þannig. Teppi var því miklu frekar val hjá mér,“ bætir hún við.

Grænn sófi setur svip
Tinna og Benjamín voru búin að



Þarna er plássíð sem er ætlað ófæddu dótturinni. Allt tilbúið enda er hún væntanleg í heiminn á hverri stundu.



Teppið breytir um áferð eftir því hvernig það er strokið. Dökkt rúmteppið passar vel við græna litinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

” Mér fannst svo hlýtt og notalegt að stíga fram úr rúminu á mjúkt teppi.

hennar biður fallett horn í svefnherbergi foreldranna.

Þrjú mánuðir í breytingar

Þau fluttu inn í íbúðina í byrjun ágúst í fyrra. „Við fengum afhent í maí og vorum í framkvæmdum þar til við fluttum inn,“ segir Tinna. Þau fengu enga aðstoð innanhússhönnuða heldur skipulögðu allt sjálf. Á stofu og eldhúsi eru þau með plankaparket sem er mjög vinsælt gólfefni í dag en flisar á baðinu og í anddyri.

Í þættinum hjá Sindra var sýnt hvernig íbúðin leit út fyrir og eftir breytingar sem eru smekklegar og vandaðar. Íbúðin er björt og rúmgóð, 115 fermetrar með góðum sólpalli. „Mér finnst mjög gaman að breyta og hafa fint í kringum mig. Þessi íbúð hentaði okkur mjög vel,“ segir Tinna sem var að vonum farin að hlakka til að fá litla dóttur í fangið.

Íslensk teppaframleiðsla

Til gamans má rifja það upp að um miðja síðustu öld voru íslensk teppi á nær öllum heimilum landsins. Axminster var stærsti gólfefnaframleiðandinn en fyrirtækið hóf vinnslu með íslenska ull árið 1952. Á þessum árum voru bæði gjaldeyrishöft á Íslandi og innflutningshöft. Flestar voru þau framleiddar innanlands. Rýjateppi voru til að mynda mjög vinsæl á sjöunda og áttunda áratugnum. Axminster notaði um 30 tonn af íslenskri ull í framleiðslu sína ár hvert og voru ofnir 22.000 metrar af ull, svo vinsæl voru teppin sem hægt var að fá með ýmsum útfærslum og í mismunandi litum.

Trégólf hafa verið til frá fornu fari, oft voru þau máluð í litum. Hjú vel efnuðu fólk mátti sjá vaxbónað furuparket en það var dýrt gólfefni og ekki á færi allra að eignast slíkt fíneri. Parket hafði áður þekkt í betri danssölu.

Parket, eins og við þekkjum það í dag, fór að ryðja sér til rúms á heimilum á níunda áratugnum og er nú orðið allsráðandi. ■



Tinna hefur mikið dálæti á grænum lit og þarna er hún í kjól í stíl við teppið.

MYND/ÆSEND

leita að rétta teppinu hér á landi og fundu loksins það sem þau leituðu að hjá Parka. „Mig langaði í mjúkt teppi og sem væri auðvelt að þrifa. Annars sér ryksuguróbótinn um þriffin,“ segir hún en þau hjónin eru með svartan hund sem fer nokkuð úr hárum. Nokkrir litir komu til greina, til dæmis svart, en þau enduðu með grænt þar sem sá litur er í miklu uppáhaldi og er nokkuð áberandi í íbúðinni. Grænn sófi í stofunni kemur einstaklega vel út og vakti athygli í þættinum

hjá Sindra. „Jú, það er rétt, græni liturinn er svolítið gegnumgangandi hjá okkur. Við erum með grænt í myndum á veggjum og svo erum við með plöntur,“ útskýrir Tinna. Hún sér ekki eftir því að hafa fengið sér teppi á svefnherbergið. „Mér finnst það mjög kósí,“ segir hún.

„Við erum með stórt svefnherbergi og höfum útbúið barnahorn þar inni,“ segir Tinna sem á von á sínu fyrsta barni á hverri stundu. Allt er tilbúið fyrir dótturina og

PARKETSLIPUN.IS

☎ 690 8050 ✉ parketslipun@parketslipun.is
📷 instagram.com/parketslipun_ehf/

Fasteignablaðið

11. TBL. 15. MARS 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
 FASTEIGNAMIÐLUN

 Reykjavík
 Snæfellsbæ
 Höfn Hornafirði

VALHÖLL
 FASTEIGNASALA
 STOFNÚD 1995

 588 4477
 Síðumúla 27
 www.valholl.is

 Ingólfur Geir Gissurarson
 Framkvæmdastjóri, lögg.
 fasteignasali, leigumíðlari
 896 5222
 ingolfur@valholl.is

 Heiðar Friðjónsson
 Sölustjóri, löggiltur
 fasteignasali & Sc
 693 3356
 heidar@valholl.is

 Hildur Harðardóttir
 Lögfræðingur, löggiltur
 fasteignasali, skjalagerð.
 897 1339
 hildur@valholl.is

 Snorri Snorrason
 Löggiltur fasteignasali
 895 2115
 snorri@valholl.is

 Hólmfríður Björgvinsdóttir
 Ritari
 ritari@valholl.is
 588 4477
 holmfridur@valholl.is

 Hrafnhildur B. Baldursdóttir
 Löggiltur fasteignasali.
 BA í Stjórnmalafraeði.
 862 1110
 hrafnhildur@valholl.is

 Pétur Steinar Jóhannsson
 Aðstoðarm. Fasteignasala
 Snæfellsnesi
 893 4718
 petur@valholl.is

 Anna F. Gunnarsdóttir
 Löggiltur fasteignasali
 Listi og innanhúsi stílisti
 892 8778
 anna@valholl.is

 Sturla Pétursson
 Löggiltur fasteignasali
 899 9083
 sturla@valholl.is

 Elin Viðarsdóttir
 Löggiltur fasteignasali
 695 8905
 elin@valholl.is

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!


Háholt 14, Mosfellsbær

 • Sími: 588 5530 • berg@berg.is
 • www.berg.is • GSM 897 0047

 Pétur Pétursson
 lögg. fasteignasali
 petur@berg.is
 s. 897-0047

 Davíð Ólafsson
 lögg. fasteignasali
 david@berg.is
 s. 766-6633

 Brynjólfur Jónsson
 lögg. fasteignasali
 brynjolfur@berg.is
 s. 898-9791

Traust þjónusta - mikil sala

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —


FOLD
 FASTEIGNASALA
 Sími 552 1400

Skrifstofurýmið er miðsvæðis í Reykjavík með þægilegri aðkomu auk nægra bílastæða.

Rúmgott skrifstofuhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík

Fold Fasteignasala, s. 552-1400, fold@fold.is kynnr: Glæsilegt og vandað skrifstofuhúsnæði á frábærum stað í Reykjavík til sölu.

Skrifstofuhúsnæðið er 264,5 fm að stærð á einni hæð og að auki er 20 fm sameign samkvæmt Þjóðskrá. Eignin er miðsvæðis í Reykjavík og á efstu hæð í 4 hæða húsi. Lyfta er í húsinu. Sameiginlegur inngangur á neðstu hæð þar sem gengið er inn í anddyri með lyftu og einnig eru tröppur upp á efri hæðir.

Mjög gott útsýni er úr eigninni til norðurs yfir borgina. Aðkoma að húsinu er mjög góð og nóg af gjaldfríum bílastæðum.

Gott viðarparket er á öllu gólfi að undanskildum salernum.

Í rýminu eru sex skrifstofurými sem eru nýtt ýmist sem fundarherbergi eða skrifstofur.

Salerni eru tvö og er annað með aðgengi fyrir fatlaða. Á salernum eru flísar á gólfi og upp á miðja vegg. Vaskar á báðum salernum.


FOLD
 FASTEIGNASALA
 Sími 552 1400

Rúmgott húsnæði með sex herbergjum og opnu rými.

Geymslur eru tvær og er önnur notuð sem ræstiherbergi. Hillur í báðum geymslum.

Skjalageymsla með eldvarnahurð. Hillur á veggjum.


Eldhús með viðarinnréttingu, uppþvottavél, eldavel, helluborði og ísskáp.

Opíð rými sem er vítt og er í dag nýtt sem skrifstofuáðstaða.

Loftið er viðarklætt með hvíttuðum viði og það eru limtrésbitar í loftinu.

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði á frábærum stað í Reykjavík sem býður upp á mikla möguleika. ■

Nánari upplýsingar á Fold fasteignasölu, Sóltúni 20, 105 Reykjavík, fold@fold.is. Sími 552-1400. Utan skrifstofutíma: Rögnvaldur s. 660-3452, Hlynur s. 624-8080, Viðar s. 694-1401, Einar s. 893-9132, Gústaf s. 895-7205. fold.is. Við erum á Facebook.


heimili
 fasteignasala
 á traustum grunni

Finnþógi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is





Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmunds-
dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gísli Rafn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Melhagi 5 – 7 herbergja efri sérhæð og rishæð auk bílskúrs.



**OPÍÐ HÚS
MIÐVIKUDAG**

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Vel skipulögð 164,1 fermetra 7 herb. efri sérhæð og rishæð auk 23,2 fermetra bílskúrs við Melhaga í vesturbæ.
- Íbúðin er innréttuð sem tvær íbúðir í dag: 4ra herbergja efri hæð og 3ja herbergja íbúð í risi, hvor með sínu eldhúsi og baðherbergi. Eignin er þó bara á einu fastanúmeri og samþykkt sem ein íbúð. Þegar heildareignin var nýtt sem ein íbúð þá var þvottaherbergi í því rými þar sem nú er eldhús fyrir risibúðina.
- Geymslur er yfir rishæð og farið í það úr holi íbúðar á efri hæð. Bílskúr er með gluggum og göngudyrum til austurs inn á lóð.
- Lóðin er 442,0 fermetrar að stærð sameiginleg með öðrum eignarlutum hússins og er skjólsæl til suðurs.

Verð 118,9 millj

Skipasund 77.



**OPÍÐ HÚS
Í DAG**

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 136,9 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á 653,0 fermetra lóð við Skipasund í Reykjavík.
- Húsið er timburhús á steypum grunn og þarfnast endurnýjunar. Hvor hæð hússins er 68,5 fermetrar að stærð og mögulegt væri að gera tvær íbúðir í húsinu. Risloft er yfir efri hæð hússins og er það óeinangrað og ekki manngengt.
- Húsið að utan er klætt með áli og bárujárn er á þaki. Gler er ýmist einfalt, mixað eða tvöfalt en athuga þarf með gler og glugga í húsinu. Lagnir eru upprunalegar í húsinu.
- Eignin stendur á skemmtilegum stað við opið svæði. Hellulögð stétt fyrir framan húsið og hellulögð innkeyrsla vestan við húsið þar sem áður stóð bílskúr og því er mögulegur byggingarréttur að bílskúr á lóðinni. Annars er lóðin tyrfd og með trjágróðri, afgirt að hluta. Geymsluskúr er á lóð.

Verð 69,9 millj.

Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.



- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuhað Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bilaplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarlutanum.

Verð 129,5 millj.

Engimyri – Garðabæ



- Vel skipulagt um 288,0 fermetra einbýlishús á þremur hæðum á eftirsóttum stað í Garðabænum.
 - Stór og skjólsæl viðarvernd til suðurs með skjólveggjum og geymsluskúr á lóðinni. Stór hellulögð bílastæði á framlóð með hitalögnum undir.
 - Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. 10-15 árum, m.a. flestar innréttingar, gólfefni, innihurðir, gestasnyrting, baðherbergi, eldhúsinrétting o.fl.
 - Þetta er sannkallað fjölskylduhús með 6 svefnherbergjum á grónum og fallegum stað í Garðabæ.
- Seljendur eignarinnar eru tilbúnir til að athuga með skipti á 4ra til 5 herbergja íbúð í fjölbýlishúsi með lyftu, útsýni, helst tveimur baðhergjum og bílskúr

Verð 152,5 millj.

**Parft þú að stækka eða minnka við þig
en finnur ekki réttu eignina ?**

Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



VOGABYGGÐ

104 Reykjavík


62
nýjar íbúðir
komar
í sölu

**Dugguvogur 15-19,
Kuggavogur 16-24
og Súðarvogur 2-4**

Glæsilegt **nýtt** fjölbýlishús með **62 íbúðum** ásamt **9 atvinnurýmum** á jarðhæð hússins.

Íbúirnar eru **2-5 herbergja** og frá **57 til 165 fm** að stærð.

- **Innanhúsarkitekt:** Ragnar Sigurðsson
- Arkitektúr og hönnun: **Archús arkitektar**
- Sérsmíðaðar **ítalskar innréttingar** frá Gili Creation sem framleiddi m.a. allar innréttingar í Edition Reykjavík
- **Gólfhiti** í öllum íbúðum
- **Gólf síðir gluggar** eru ráðandi í öllum íbúðum
- Undirlímdar handlaugar á baðherbergjum
- **Reyklitað sturtugler** sem nær upp í loft
- **Span helluborð** og vandaður **ofn** frá Ormsson
- Ísskápur, **uppvottavél**, **þvottavél** og þurrkari **af vandaðri gerð** fylgir öllum íbúðum
- Allar borðplötur á eldhúsi og baði eru úr ljósum **Silestone kvartsteini** ásamt veggjum milli efri og neðri skápa í eldhúsi
- Flestar íbúðir með **sér þvottahúsi**
- Íbúðir á **4. hæð** sem eru með **þaksvölum** skilast með **heitum potti** þar sem við á
- **Öllum íbúðum er skilað með öllum gólfefnum** og er endingargott vínílparket á öllum gólfum að undan skyldum vönduðum **ítölskum flísum á votrymum**
- **Stæði í bílageymslu** fylgir með öllum íbúðum
- Afhending **júlí-ágúst 2022**



**SÝNUM DAGLEGA
BÓKIÐ EINKASKOÐUN**



Bókið skoðun hjá sölumönnum okkar og fáðið nánari upplýsingar:

Ólafur
Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Kjartan
Í. Guðmundson
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392
kjartan@miklaborg.is

Óskar
S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

Elín
Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Jón Rafn
Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



MIKLABORG

Með þér
alla leið

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignissakar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090



Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 651 6021



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ómar Hvannadal
hdl. & aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200



Friðjón Ó. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704



Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 776 1515



Íris Anna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jónunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Þóroddur S. Skaptá
lögg. fasteignasali
Sími: 859 4508



Svein G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Aðil S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1176



Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931



Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232



Árni Davíð Bergs
aðst. fasteignasala
Sími: 625 2500



Friðrik Þ. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312



Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929



Ragnheiður Péturs
hdl. og löggiltur
fasteignasali



NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
Þriðjudaginn 15. mars
milli kl. 17.00 - 17.30

Reykjavegur 80
270 Mosfellsbær

Gott 169,5 fm einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr

- Mikið endurnýjað eign á stórrí eignarlóð
- Stór stofa og borðstofa, útgengt á verönd
- Tvö stór svefnherbergi og hægt að bæta einu við
- Gestasnyrting og stórt baðherbergi endurnýjað
- 12 fm áhaldageymsla m rafmagni

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **97,5 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500

Fýlshólar 4
111 Reykjavík

Glæsilegt 316,8 fm einbýlishús

- Mikið endurnýjað
- Frábært útsýni yfir borgina, svalir í allar áttir
- 3 svefnherbergi
- Hjónasvíta
- 70 fm bílskúr

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Anna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: **154 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

569 7000

**Með þér
alla leið**

Hjallaland 3

108 Reykjavík


Mjög vel skipulagt 232 fm raðhús í Fossvogi

- Fimm svefnherbergi, en voru sjö
- Þrjú inngangar að ofanverðu
- Mikil lofthæð í stofu, suðursvalir og fallegur suður garður með gróðurhúsi
- Þvottahús með inngangi, gestasnyrting, baðherbergi, stór geymsla
- Bílskúr á lóð er 20,9 fm
- Aðkoma er fyrir ofan götu

Verð: **129 millj.**




Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is




NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 16. mars
milli kl. 16.00 - 18.00





PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma 695 5520



Brókarvatn 2-24

311 Borgarbyggð

Sumarhúsalóðir við Brókarvatn á Mýrum í Borgarbyggð

- Fallegt svæði með frábæru útsýni yfir Brókarvatn
- Svæðið einkennist af háum klettaborgum
- Auðveld aðkoma að svæðinu allan ársins hring
- Alls 37 lóðir á svæðinu m.a. við vatnsbakka
- Leyfilegt að byggja 100-400 fm hús á einni hæð
- Byggja má bátabyggju
- Bæði í boði sem leigu- eða eignarlóðir



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð leigulóða frá: **1,2 millj.**

Eignarlóðir verð frá: **4,4 millj.**

NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS þriðjudaginn
15. mars
kl. 17.30 - 18.00



Bórsgata 17

101 Reykjavík

Einstaklega glæsileg 74,8 fm 2ja herb. íbúð

- Aukin lofthæð og stórir fallegir gluggar
- Hol, eldhús, borðstofu, stofu, svefnherbergi ásamt fataherbergi, baðherbergi og þvottahús
- Geymsla í kjallara
- Einstök staðsetning í hjarta miðborgarinnar


Verð: **49,9 millj.**



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



OPÍÐ HÚS fimmtudaginn
17. mars
kl. 17.00 - 17.30



Hafnarbraut 12e

200 Kópavogur

Falleg 3ja herbergja 117,3 fm íbúð á 3. hæð

- Tvö svefnherbergi,
- Borðstofa, stofa og eldhús eru í opnu rými
- Geymsla
- Sér bílastæði í upphitaðri bílageymslu,

Verð: **79,9 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



NÝBYGGING



HAFIÐ SAMBAND
við Óskar í síma 691 2312



Vesturbakki 3 og 5

815 Þorlákshöfn

65 fm geymsluhúsnæði á besta stað við höfnina

- Með innkeyslu og gönguhurð
- Malbikað plan umhverfis húsin
- Skiptist í 12, 65 fm einingar
- Afhendist í ágúst 2022



Nánari upplýsingar veitir:
Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali

Verð: **19,7 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500



Kirkjubraut 1

170 Seltjarnarnes

Fallega og björt 3ja herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi.

- 6 íbúða fjölbýlishús
- Húsið mikið endurnýjað 2018
- Tvö svefnherbergi
- Stofa, eldhús og baðherbergi með þvottaaðstöðu
- Geymsla
- Stór sólpallur



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: **64,9 millj.**



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Írisi í síma 770 0500



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



Hrólfsskálamelur 1

170 Seltjarnarnes - íb. 202

Falleg 75 fm íbúð á annarri hæð, með staði í bílageymslu

- Eldhús er opið inn í bjarta stofu með stórum gluggum í vestur
- Rúmgott svefnherbergi
- Svalir með svalalokun snúa í vestur og er því sólríkar seinni partinn
- Stutt í skóla, íþróttir, verslanir
- Fallegar gönguleiðir
- 10 fm geymsla í kjallara

Verð: **75 millj.**



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma 695 5520



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Álfaborgir 7

112 Reykjavík

Góð 3ja herb. 85,7 fm endaíbúð á 2 hæð

- Tvö rúmgóð svefnherbergi
- Baðherbergi með tengi fyrir þvottavél
- Eldhús m nýlegri innréttingu
- Stórar suðursvalir

Verð: **57,5 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: **64,9 millj.**



PANTIÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



Bergþórugata 23

101 Reykjavík

Falleg 91,6 fm íbúð á jarðhæð

- 2 svefnherbergi
- Sérútgengi út í garð
- Nýlega endurnýjað eldhúsið
- Geymsla í kjallara.
- Laus við kaupsamning

Verð: **55,9 millj.**

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna til sölu, hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

EIGNAMIDLUN



Krókháls 4

110 Reykjavík

Atv. húsnæði – heil húseign

↔ 2.793 fm



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934

700.000.000

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

Sólheimar 23

- Glæsileg útsýnisíbúð með bílskúr.

OPIÐ HÚS



Nýkomin í sölu 108 fm, 4 herbergja íbúð á 11.hæð í suður ásamt 24 fm bílskúr (alls um 132 fm). Nýlegt eldhús, bað og gólfefni. Góðar suður svalir með glæsilegu útsýni til allra átta. Þvottaaðstaða í íbúð og í sameign. 2 svefnherbergi og 2 stofur (möguleiki á 3 sv. herb.). Nýmáluð íbúð. Húsið í góðu standi. Húsvörður og húsvardaríbúð. **Verð 79,9 milljónir.**

Opið hús Þriðjudaginn 15.mars 2022, kl. 17.00 – 17.30 Íbúð 11-03.

Sturla Pétursson lg.fs. sýnir 899-9083 sturla@valholl.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Síðumúla 27, S: 588-4477

SÍÐAN 1995



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali.
Símanúmer 899-9083
sturla@valholl.is

FOLD
FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
iþróttfræðingur og lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
islenksufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinnsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hlynur Ragnarsson
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

Rögnvaldur Örn Jónsson
löggildingarnemi
rognvaldur@fold.is / 660-3452

Eignarlóð við Hafravatn
276 MOSFELLSBÆ



Sumarhúsalóð við Hafravatn. Frá lóðinni er mjög gott útsýni yfir vatnið. Lóðin er rúmlega 2500 FM eignarlóð á frábærum stað, nálægt borgarmörkum. **Verð 14,9 millj.**

Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Hringbraut 75, kjallari:
OPIÐ HÚS MIÐVD. 16.3. KL. 16-17



Hringbraut 75, kj: Ca. 35 fm. endurnýjuð íbúð í kjallara á góðum stað í vesturborginni. Stutt í vesturbæjarlaug, kaffivest, melabúðina, HI o.fl. Góð fjárfesting. Eignin er skráð sem íbúð hjá Þjóðskrá, en hún er ekki samþykkt af byggingaryfirvöldum. **Verð 27,9 millj. Opið hús miðvikudag 16.3. kl. 16-17.** Vinsamlegast tilkynnið komutíma á fold@fold.is eða í síma 5521400.

Skipholt 50c, 105 Rvk.
SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI MEÐ MIKLA MÖGULEIKA.



Glæsilegt og vandað 264.5 fm skrifstofuhúsnæði að Skipholti 50c í Reykjavík til sölu. Eignin er á efstu hæð hússins og er með mikið útsýni yfir borgina til norðurs. Fullbúin eign með skrifstofum, eldhúsi, ræstihvergi, skjalageymslu og tveim salernum og þar af annað með aðgengi fyrir fatlaða. Lyfta er í húsinu og einnig eru tröppur upp á hæðina. Næg gjaldfrí bílastæði. **Verð 130 millj.** Nánari upplýsingar, rognvaldur@fold.is / 6603452.

Austurhöfn
GLÆSIÍBÚÐ TIL LEIGU



176 fm. stórglæsileg ný íbúð á þessum frábæra stað í miðborginni. Austurhöfn er glæsileg bygging með metnaðarfullri hönnun. Skjólgóður garður er rammaður inn af byggingunni. Sérsmíðaðar innréttingar úr amerískri hnotu frá ítalska handverkshúsinu Gili Creations eru í eldhúsi, baðherbergjum og fataskápum auk annarra fastra innréttinga. Kvarts borðplötur við eldhúsvask, en borð yfir eldhúseyju klætt marmarafflís. Fullbúð eldhús, með tækjum af vönduðustu gerð frá Miele og Liebherr. Innbyggð uppþvottavél, isskápur, vaskur, vinkælir og blöndunartæki. **Langtímalega, nánari upplýsingar á skrifstofu.**

Óskum eftir

Vantar sérbýli til leigu fyrir sendiráð.

Um er að ræða 3-4 mismunandi einbýli, raðhús eða hæðir miðsvæðis í Reykjavík m/bílskúr.

Langtímaleiga.

Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila

- traustar greiðslur

- langur leigutími

- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is



ÚTKALL



HRINGBRAUT

ÚTKALL

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30

Í þáttunum fer höfundur yfir bækur sínar og fær til sín góða gesti sem hafa tengingu við eða upplifðu slysin sem um verður fjallað í hverjum þætti.



SJÓVÁ

LOFTVIFTUR

Dreifðu varmanum betur



Jafnara hitastig
Lægri kyndikostnaður
Betri loftgæði

Sjáðu úrvalið www.viftur.is

LOFTRÆSTING

FERSKT HREINT LOFT



HLJÓÐLÁTIR

BLÁSARAR



HITAVÍR - KIT

Í ÞAKRENNUR 5-10-15-25 M

Verð frá:
14.445



KRAFTVIFTUR

ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR



Verð:
13.898 kr

ÞURRKTÆKI

LÆKKAÐU
RAKASTIGIÐ





Verð frá:
45.990

FRAMKVÆMDAVIFTA

ÚTSOGSVIFTA
- DRAGDU ÚR RYKI



Verð:
40.000 kr
-30 cm án barka



Loftviftur spara orku með því að jafna hitastigið. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður. Á sumrin kæla vifturnar.

Íshúsið **viftur.is**
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Erum við að leita **að þér?**

FLÍSAR

Bottega

B O T T E G A L Í N A N F R Á P O R C E L A N O S A



PORCELANOSA



Opið mánud. -fimmtud. frá 08:00-18:00 /
föstudaga 08:00 - 17:00 / Laugard. 10:00-14:00

 **ALFABORG**
- allt a gólfíð -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Margir vilja stækka heimili sín með því að láta þau flæða út í garð og meira er lagt í efnivið þegar kemur að gólfefnum utan-dyra.

MYND/ADSEND

Stórar og áferðarfallegar flísar koma sterkar inn



Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is

Á næstu vikum munu garðar landsmanna komast í fulla notkun. Margir hafa þó verið að nota garðinn allan síðastliðinn vetur en heitir pottar, gufuböð, útiskrifstofur, hobbíhellar (man-cave) og gróðurhús hafa umbreytt gördum margra í heilsársparadís.

Þegar kemur að því að ræða stefnur og strauma varðandi þetta og efnivið gólfefna utandyra er enginn betur til þess fallinn en Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt hjá Urban Beat. Sérhæfing hjá Urban Beat liggur í garðahönnun og hefur Björn hannað garða og palla fyrir landsmenn frá því á síðustu öld eða í yfir tuttugu ár. Nú eru margir farnir að stækka heimili sín með því að láta þau flæða út í garð og meira er lagt í efnivið í gólfefnum utandyra. Ef garðurinn er einnig framhald stofunnar eða eldhússins þá fjölga jafnvel tækifærum til notkunar enn meira. Þannig getur til dæmis yfirbyggt útielldhús nýst allt árið ef fjarlægðin frá húsi er ekki of mikil. Við fengum Björn til að fara yfir með okkur hvað það er



Í garðinum á myndinni má sjá samspil palla og flísa. Þarna tengjast flísarnar stofunni en í kringum heita pottinn og á sólarþreppunum er mjúkt timbur. MYND/ADSEND



Björn segir að úrvalið af útiflísnum hafi aukist mikið á undanföllum árum sem gefur möguleika á margvíslegu skemmtilegu útsvæði. MYND/ADSEND




Björn Jóhannsson landslagsarkitekt er ávallt með þuttann á púlsinum í hönnun garða og palla.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

PARKETSLÍPUN & LAGNIR

hefur um 25 ára reynslu í parketslípun og lögnum.



Reyklaus
þjónusta

Lýsum upp allar dökkar viðartegundir með sýruböðun og hágæða lökkum frá virtasta lakkframleiðanda í heimi.

www.parketslipunoglag्नir.is Parketslípun og lagnir.

sem heillar hús- og garðeigendur helst þegar velja skal gólfefni utandyra.

Parket og tréþallur tóna vel

„Til þess að íbúð og hús tali fallega saman þarf að vera samræmi í litum og áferðum. Þar koma gólfefnin sterk inn. Ef stofan er parketlögð þá má til dæmis láta tréþall taka við fyrir utan garðdyrnar. Þá geta stærðir á borðum og í hvaða átt efnin eru lögð skipt máli. Ef línur í parketi liggja að dyrum geta þær haldið áfram í pallinum fyrir utan og togað þannig augað út í garðinn.“

Moso úr þjöppuðum bambus

Björn segir að framboð á efnivið til að framlengja til dæmis stofu eða eldhús út í garð hafi aldrei verið meira. „Tegundum pallaefna hefur fjölgað gífurlega síðustu árin. Gagnvarin fura er enn klassískt val, enda tekur hún lit mjög vel. Hitameðhöndlað efni eins og Kebony eða Accoya eru einnig að koma sterk inn, en hið síðarnefnda hefur 50 ára ábyrgð. Annað

Steyptar hellur eru alltaf klassískar í verandir og að mínu mati því stærri, því betri. Það var því algjör hvalreki þegar flísabúðirnar fóru að bjóða upp á stórar og áferðarfallegar flísar.

skemmtilegt efni er Moso sem er úr þjöppuðum bambus en einnig verður þjappaður hampur fáanlegur á næstu árum. Bæði þessi efni eru mjög hörd og því afskaplega slitþolin. Nú eru einnig til kerfi þar sem borðin eru fest án þess að skrúfur sjáist og þannig má fækka slitnum sokkum fjölskyldumeðlima á sumrin. Sögin á Smiðjuvegi hefur sérhæft sig í innflutningi

og sérvinnslu á þessum viðartegundum og erum við hjá Urban Beat í nánú samstarfi við Stefán og Gunnlaug hjá Söginni.“

Fallegar útiflísar

„Steyptar hellur eru alltaf klassískar í verandir og að mínu mati því stærri, því betri. Það var því algjör hvalreki þegar flísabúðirnar fóru að bjóða upp á stórar og áferðarfallegar flísar. Þarna var allt í einu komin lausn sem tók lúxus-yfirbragðið á gördum upp á herra plan. Ekki spillir heldur að í fúgusandinum er plastefni sem gerir sandinn mjög þéttan og því að fullkominni arfavörn. Okkar maður í flísunum er hann Atli í Vídd og höfum við unnið ansi mörg verkefni með honum. Vídd selur flísar frá tveimur flottum ítölskum framleiðendum en Ítalir hafa langa sögu af notkun flísa á skemmtilegan hátt. Það sem okkur finnst þó allra skemmtilegast er þegar við getum látið flísarnar úti tala við flísarnar í eldhúsinu eða stofunni og myndað þannig samfellt flæði milli inni og útirýma.“

Kjaran – þar sem ending og útlit fara saman

Fyrirtækið Kjaran á sér langa sögu, allt frá því heildverslun Magnúsar Kjaran var stofnuð árið 1930. Frá árinu 1970 hefur Kjaran verið í eigu sömu eigenda sem hafa meðal annars einbeitt sér að því að bjóða upp á frábært úrval gólfefna.

„Það eru komin fimmtíu ár síðan Kjaran skipti síðast um eigendur og því hefur byggst hér upp töluverð reynsla á gólfefnum og öllu sem því tilheyrir,“ segir Kristján M. Hjaltested, sölustjóri hjá Kjaran.

Margir kostir dúka og teppa

Kjaran sérhæfir sig í að bjóða upp á gólfduka af ýmsum gerðum og gólfteppi. „Það eru margar góðar og gildar ástæður fyrir því að velja gólfduka eða -teppi á gólfhlóti í rými. Um er að ræða afar slitsterkt gólfefni sem býður upp á ótal útfærslur sem henta inn í ýmiss konar rými. Að auki heillar verðið kaupendur. Þá má ekki gleyma að viðhald og rekstrarkostnaður er mjög lítill, og það á sérstaklega við þegar kemur að gólfduka,“ segir Kristján og bætir við: „Vitnisburður um það hversu slitsterkir dúkar geta verið, þá eru dæmi um gólfduka í nokkrum grunnskólum Reykjavíkur síðan 1950 sem varla sér á. En auðvitað fer þetta allt eftir álagi á hverjum stað fyrir sig. Efnin okkar eru mjög endingargóð og eiga að duga í að minnsta kosti 15-20 ár.“

Helstu viðskiptavinir Kjaran eru fagaðilar eins og verktafar, ríkið og sveitarfélögin, arkitektar, hönnuðir og dúklagningameistarar. „Það eru þó fleiri sem kunna að meta gólfduka og -teppi og eru einstaklingar einnig meðal viðskiptavina okkar. Það slitsterkasta sem við bjóðum upp á eru Sphera gegnheilir vinyldúkar. Þeir eru mjög slitsterkir og endingargóð lausn. Annars á það við um alla framleiðslu frá Forbo og linoleum gólfefnið er einnig í hæsta gæðaflokki.“

Að mörgu að huga

Það er margt sem þarf að huga að þegar kemur að því að leggja gólf í almennu rými. „Það þarf auðvitað að taka til greina liti og áferð, það er hvað passar inn í rýmið fagurfræðilega séð. Auk þess þarf að hafa í huga hversu fjölfarið rýmið er og hversu slitsterkt gólfefnið þarf að vera. En einnig er mikilvægt að skoða hljóðvistina í rýminu og hvort það borgi sig frekar að nota teppi eða dúk. Sum krefni krefjast þess að einungis séu nýtt hráefni sem uppfylla ákveðna umhverfisstaðla, og svo framvegis.“

Vinsælasta gólfefnið hjá Kjaran er Marmoleum Linoleum frá Forbo. „Forbo er okkar helsti birgji og hefur verið í forystu í umhverfisvernd við framleiðslu á Marmoleum. Forbo var einn fyrsti framleiðandi gólfduka til þess að hljóta Nature Plus vottun sem er samevrópsk umhverfsvottun og uppfylla alla viðkomandi EN-staðla. Ástæðan fyrir vinsældunum er án efa umhverfispátturinn, en um er að ræða náttúrulegt gólfefni. Marmoleum Linoleum kemur einnig í ótal litum og mynstrum og eru bæði endingargóðir, krefjast fremur lítills viðhalds og margt fleira. Það er því margt sem heillar kaupendur við Marmoleum Linoleum frá Forbo.“

Spennandi nýjungar

Birgjar og framleiðendur Kjaran standa allir afar framarlega á sínu sviði og eru í sífelldri vörupróun og nýsköpun á sínum mörkuðum. „Ein helsta nýjungin sem við bjóðum upp á er nýja vörulínan



Kristján M. Hjaltested til vinstri og Aðalsteinn Birgisson, starfsmaður Kjaran, til hægri.


FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Marmoleum linoleum dúkarnir eru frábær kostur fyrir þá sem kjósa náttúruleg byggingarefni. Umhverfisvænt, heilsusamlegt, endingargott og hagkvæmt í þrifum.



Forbo Tessera teppaflisar eru hágæða gólfefni fyrir allar tegundir atvinnuhúsnaðis. Fjölbreytt mynstur og mikið litarúval.



Sphera vinyldúkar eru gerðir úr gegnheilum vinyli sem gerir þá mjög slitsterka og endingargóða. Dúkarnir eru framleiddir í Hollandi af Forbo Flooring og eru í hæsta gæðaflokki.



Komdu við í verslun Kjaran í Síðumúlanum og kynntu þér úrvalið. Starfsfólk býr yfir mikilli þekkingu og reynslu í gólfefnabransanum.



Kjaran er með frábært úrval af gólfefnum fyrir hvers kyns rými.

frá Forbo. Um er að ræða glæsilega línu sem samanstendur af Allura vinylparketi og -flisum þar sem ending og útlit koma saman. Þetta er frábær valkostur fyrir verslanir, skrifstofur og opinbera staði þar sem þörf er á slitsterkum gólfefnum.

Við mælum annars eindregið með að faglærður aðili sé valinn í

verk frá okkur. Við höfum greiðan aðgang að Félagi dúklagninga- og veggfóðrarmeistara og því getum við mælt með réttum aðila í þitt verk,“ segir Kristján að lokum. ■

Kjaran er við Síðumúla 12-14. Nánari upplýsingar á vefsíðunni kjaran.is.



Kristján Kristjánsson, verslunarstjóri hjá Gólfefnabúðinni, segir að fyrirtækið leggi mikið upp úr góðri þjónustu og gæðum í gólfefnum, en þar er boðið upp á heildarlausnir í gólfefnum fyrir bæði heimili og vinnustaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTONBRINK

Ótrúlegt úrval vandaðra gólfefna

Gólfefnabúðin er lítið fyrirtæki með mikla þekkingu, vandaðar vörur frá metnaðarfullum framleiðendum og stórkostlegt vöruúrval. Þar ættu allir að finna gólfefni sem hentar þeirra þörfum og það er líka boðið upp á efni fyrir vegg.

Eigendur Gólfefnabúðarinnar eru Hilmar Hansson og Björgvin Hilmarsson, sem eru báðir dúkagningameistarar með áratuga reynslu og mikla þekkingu á gólfefnum. Verslunarstjóri er Kristján Kristjánsson, sem hefur selt parket í mörg ár og er með viðtæka þekkingu á þeim vöruflökki. Gólfefnabúðin býður einnig upp á verktakaþjónustu, en starfsmenn hennar geta unnið með öll efni sem eru í boði.

„Við leggjum mikið upp úr góðri þjónustu og miklum gæðum í gólfefnum og bjóðum heildarlausnir í gólfefnum fyrir heimilið og vinnustaðinn á góðum verðum,“ segir Kristján. „Viðskiptavinir okkar eru velkomnir í verslun okkar í Ármúla. Þar bjóðum við upp á persónulega ráðgjöf og þjónustu frá faglærðu starfsfólki og þar hafa verið sett upp sýnishorn af öllum efnum, en það er líka hægt að fá prufur til að taka með sér.“

Vandað parket frá T&G Wood og fleirum

„Við erum meðal annars með parket frá T&G Wood, sem framleiðir eingöngu niðurlímt parket, en kosturinn við parketið frá T&G Wood er að efnið er litað eftir óskum viðskiptavinarins með viðarolíum. Við bjóðum líka upp á fljótandi parket frá ESTA PARKET,“ segir Kristján. „Gólfefnin okkar koma öll úr sjálfbærum skógum og þau eru mjög vinsæl hjá arkitektum um allan heim.“

Rubio-olían og -lökkinn sem við notum standast ströngustu umhverfisstaðla, en með þeim er hægt að lakka efnið þannig að það haldi náttúrulegum lit. Framleið-

andinn Cinzento er svo með lausnir til að reykja, bursta og olíubera efnið þannig að það sé tilbúið á gólfíð,“ segir Kristján. „Við bjóðum að sjálfsgöðu allar stærðir af parketi, bæði planka í öllum breiddum, fiskibeinsmynstur í sex stærðum og parket með chevron-mynstri.“

Fallegt og hljóðlaust vínyparket

„Vínyparket er orðið vinsælasta gólfefnið á heimili og vinnustaði. Það er ótrúlega fallegt, frábært í þrifum og algerlega hljóðlaust gólfefni,“ segir Kristján. „Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á hágæða vínyparket frá OneFlor Europe. Parketið er með náttúrulegt útlit og fyrirtækið býður upp á mjög mikið úrval lita, ásamt því að bjóða upp á efni í öllum þykktum, bæði smellt með áföstu undirlagi og niðurlímt.“

Parketið er úr endurunnu efni og það er 100% endurvinnulegt, viðhaldsfritt, vatnshelt og laust við þalat eiturfefni. Það má líka leggja það beint yfir eldri gólfefni, sem sparar vinnu við að rífa upp og farga eldra efni og vínyparket má líka leggja beint yfir gólfhita,“ útskýrir Kristján. „Smellta efnið með áfasta undirlaginu má svo leggja yfir flísar og önnur gólfefni og misfellur í gólfi mega vera allt að 4-5 millimetrar. Smellta vínyparketið frá OneFlor er með 21-22 desibela hljóðvist og hentar því einstaklega vel í fjölbýlishúsum og annars staðar þar sem hljóðkröfur eru miklar.“

Persónulegt útlit með microsementi og floti

Hvað þarf að gera til að veita rými persónulegt útlit?
„Til þess þarf glæsilega hönnun og útsjónarsemi í efnisvali og Cemher-microsementið getur verið svarið, en spænka fyrirtækið Cemher er eitt fremsta fyrirtækið í framleiðslu micro-



Parketið frá T&G Wood er litað eftir óskum viðskiptavinarins með viðarolíum.



sementsefna. Ef fólk er hrifnið af grófu útliti og til í að fá persónulegt handbragð iðnaðarmanna er valið auðvelt,“ segir Kristján. „Flotuð og múruð gólf og veggir fegra

hvaða herbergi sem er og auk þess fer grófa steypuútlitið vel með öðrum efnum, eins og viðarinnréttingum og myndlist.

Þegar þú ert búinn að finna þinn lit á vegginn eða gólfíð er allt mögulegt. Gólf, veggir, borðplötur og votrými henta afar vel fyrir microsement,“ segir Kristján. „Við getum einnig boðið upp á svokallaðar „metal“ áferðir og svo eigum við von á Terrazo-efni, sem er einfaldara og ódýrara í framkvæmd en það sem fyrir er á markaðnum.“

Aquamax Dur er svo sérhannað steinlakk fyrir microsement og flot, en það hefur sérlega fallega áferð,“ segir Kristján. „Við mælum

með því að fólk kynni sér liti og áferðir á flotuðum og múruðum gólfum og veggjum hjá okkur. Við erum með prufur af áferð og litum í verslun okkar.“

Mikið úrval af hágæða veggfóðri

„Veggfóður hefur verið að koma sterkt inn undanfarin ár hjá hönnuðum og arkitektum og verður sífellt vinsælla inn á heimili. Veggfóðursframleiðendur eru farnir að nota önnur efni eins og hersía striga, hamp og bambus, silki, vínyl, og jafnvel tréþynnur og skeljar við framleiðslu á veggfóðri,“ segir Kristján. „Við völdum veggfóðrið frá ÉLITIS inn í búðina okkar, en ÉLITIS er franskt fyrirtæki sem framleiðir hágæða veggfóður þar sem hönnun, litir, form og gæði skapa einstakan heim.“

Við erum með ótrúlegt úrval af veggfóðri, bæði fyrir heimili og hótél, svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ útskýrir Kristján.

Bjóða líka upp á harðparket og hljóðlátar teppaflísar

„Við bjóðum svo líka upp á harðparket frá EGGER, en LONG línan þeirra inniheldur breiðasta harðparketið á markaðnum. Þessir stóru og veglegu plankar fást í tíu flottum litum,“ segir Kristján. „Við erum einnig með teppaflísar, sem er gólfefni sem hefur mjög góða hljóðvist og er því tilvalið á skrifstofur, gistiheimili og hótél. Teppaflísar eru líka hentug lausn þar sem hægt er að skipta út flísam ef óhapp á sér stað.“ ■



GÓLFEFNABÚÐIN

Gólfefnabúðin er í Ármúla 36, en gengið er inn í búðina frá Selmúla. Sími: 416 2300 - golfefnabudin.is - hallo@golfefnabudin.is.



Gólfefnin koma öll úr sjálfbærum skógum og eru mjög vinsæl hjá arkitektum um allan heim.



Microsement getur verið góð lausn fyrir fólk sem er hrifið af grófu útliti.



Veggfóður hefur verið að koma sterkt inn undanfarin ár hjá hönnuðum og arkitektum og verður sífellt vinsælla inn á heimili.

Veggfóðurs-
framleiðendur
eru farnir að
nota alls kyns
ný efni við
framleiðslu á
veggfóðri.



Gólfefnabúðin býður upp á veggfóður frá ÉLITIS, frönsku fyrirtæki sem framleiðir hágæða veggfóður.



Vinylparketið frá OneFlor Europe er með náttúrulegt útlit og það er mikið úrval af litum.



Vinylparket er fallegt, frábært í þrifum og algerlega hljóðlaust gólfefni.

Bílar & Farartæki



Nú þegar það er 14 mánaða bið ef pantaður er nýr Ford þá tókst okkur að fá nokkra Limited bíla. Nýr 2022 Ford Transit Limited L3H2. Sjálfskiptir. 185 hó vél. Til afhendingar strax! Verð: 6.500.000,- án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Pípulagnir

Löggiltur pípulagningameistari tekur að sér ýmiskonar viðhaldsvinnu og breytingar. Upplýsingar í síma 8993464. Benedikt Bjarnason.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

RÚNARMÚRARI EHF

S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
PAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.

10 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu

https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

SPÁMIÐILL

ER BYRJUÐ AFTUR

· SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MED HJÁLPAÐ HANDAN
· HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnumspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímakerfi 777 4944
Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

Keypt & Selt

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningaþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Óflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa



Umhverfismat framkvæmda Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir:

- Laxárdalsvegur (59), Dalabyggð og Húnaþingi vestra.
- Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjarsand yfir Þjórsá og Hólsá, Flóahreppi, Rangárþingi eystra og ytra.
- Ný hreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun, Ölfusi.

skuli ekki háðar umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021.

Ákvarðanir eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðindamála til 12. apríl 2022.

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Breyting á aðalskipulagi

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 samkvæmt l. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting felst í að landnotkun á reit I3 og I4 er breytt í AT3 og AT4 og mörk þynningar svæði álversins í Straumsvík eru feld niður.

Tillagan er til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6 frá 15.03.2022

Einnig er hægt er að kynna sér tillöguna á hfj.is/skipulag

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skal þeim skilað eigi síðar en 26.04.2022 á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Aðalfundur Festi hf.

Aðalfundur Festi hf. verður haldinn þriðjudaginn 22. mars 2022 klukkan 10.00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynnt.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2021.
5. Tillaga að breytingu á samþykktum og uppfærðum starfsreglum stjórnar.
6. Tilnefningarnefnd kynni skýrslu sína og tillögur.
7. Stjórnarkjör.
8. Tillaga um staðfestingu á ákvörðun stjórnar um skipun tveggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
11. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
12. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
13. Tillaga um lækkan á hlutafé vegna eigin hluta og breytingu á samþykktum félagsins.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur

a) Ársreikningur (liður 3)

Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2021 verði samþykktur.

b) Arðgreiðsla (liður 4)

Stjórn leggur til við aðalfund að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 1.572.500.000 vegna rekstrarársins 2021 eða kr. 5,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verður greiddur til hluthafa þann 8. apríl 2022. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 18. mars 2022 og arðsleysisdagur er því 22. mars 2022. Arðsréttindadagur er 23. mars 2022, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Festi hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í lok dags 23. mars 2022.

c) Tillaga I. um breytingu á samþykktum og uppfærðar starfsreglur stjórnar (liður 5)

Stjórn leggur til að ný málsgrein bætist við 18. gr. samþykktanna og verði 4. mgr. greinarinnar svohljóðandi:

„Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur, síðareglur og reglur um hæfi, orðsporsáhættu og hagsmunaárekstra í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög og viðurkennd sjónarmið um stjórnarhætti í almennings hlutafélögum, þar sem sérstaklega skal horft til orðspors félagsins, sem og stjórnarmanna þess og forstjóra. Í reglum skal m.a. mælt fyrir um verkaskiptingu stjórnar, boðun stjórnarfundar, samskipti og meðferð upplýsinga, mat á sérstöku og almennu hæfi stjórnarmanna og endurmats á hæfi, skipan undirnefnda og annað það sem rétt er að festa í reglur til að stuðla að farsælu starfi stjórnar. Þá skulu reglur um hæfi sem félagsstjórn setur veita aðila, sem er til þess ráðinn af stjórn, formlegt hlutverk um að taka við tilkynningum um meint brot stjórnarmanna og forstjóra á síðareglum stjórnar félagsins og koma slíkum tilkynningum í ferli skv. reglum félagsins um hæfi, orðsporsáhættu og hagsmunaárekstra stjórnarmanna og forstjóra.“

Greinargerð:

Er málsgreininni ætlað að auka getu félagsins til þess að takast á við mál sem varða orðspor æðstu stjórnenda og rekstraráhættu sem getur tengst því að orðspor þeirra bíði hnekki. Verði breytingin samþykkt áformar félagstjórn að breyta starfsreglum stjórnar, setja stjórn sérstakar síðareglur og setja nýjar reglur um mat á hæfi stjórnarmanna og forstjóra, orðsporsáhættu og hagsmunaárekstra sem saman er ætlað að mynda heildstæða umgjörð um meðferð slíkra mála. Drög að nefndum reglum eru aðgengileg á heimasíðu félagsins.

c) Tillaga II. um breytingu á samþykktum (liður 5)

Stjórn leggur til að 5. mgr. 17. gr. samþykktanna verði svohljóðandi:

„Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, eða aukafundar þegar stjórnarkjör er þar á dagskrá. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfund sem þannig gefa kost á sér.“

Greinargerð:

Í aðdraganda aðalfundar 2022 hafa mjög margir gefið kost á sér til setu í stjórn. Hefur vinna tilnefningarnefndar við að fara yfir umsóknir því aukist. Þar sem sérstök hæfisskilyrði eru gerð til stjórnarmanna vegna sáttar við Samkeppniseftirlitið og eftirleiðis vegna nýrrar 4. mgr. 18. gr. samþykpta félagsins verði hún samþykkt er æskilegt að aukid svigrúm sé til þess að kanna hvort annmarkar kunni að vera á einstökum framboðum.

d) Tillögur tilnefningarnefndar (liður 6)

Tilnefningarnefnd leggur til að í stjórn verði Ástvaldur Jóhannsson, Guðjón Reynisson, Margrét Guðmundsdóttir, Sigrún Hjartardóttir og Þórey G. Guðmundsdóttir

e) Tilnefningarnefnd (liður 8)

Stjórn leggur til við aðalfund að Sigrún Ragna Ólafsdóttir og Tryggvi Pálsson verði kjörin í tilnefningarnefnd.

f) Kjör endurskoðanda (liður 9)

Stjórn leggur til að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfirma félagsins og Þorsteinn Pétur Guðjónsson og Pétur Hansson verði endurskoðendur Festi.

g) Þóknun til stjórnar (liður 10)

Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Stjórnarformaður fái kr. 780.000 á mánuði.
Varaformaður stjórnar fái kr. 585.000 á mánuði.
Aðrir stjórnarmenn fái kr. 390.000 á mánuði.

Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 60.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 115.000 á mánuði.

Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 95.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 170.000 á mánuði.

Formaður fjárfestingaráðs fái kr. 160.000 á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar fái kr. 135.000 á mánuði, nefndarmaður kr.115.000 á mánuði og fulltrúi stjórnar Festi í nefndinni fá kr. 77.000 á mánuði.

h) Heimild til kaupa á eigin hlutabréfum (liður 12)

Stjórn leggur til :

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 22. mars 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2023. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð:

Með tillögunni er lagt til að stjórn félagsins fái endurtekna heimild til endurkaupa í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, í því skyni að lækka hlutafé félagsins. Í öllum tilvikum skal jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta er háð því að skilyrði laga og reglugerða um endurkaup eins og þau eru á hverjum tíma séu uppfyllt. Um formlega endurkaupaáætlun gilda ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Við ákvörðun og framkvæmd endurkaupaáætlunar verði farið að ákvæðum þeirra eins og þau eru á hverjum tíma og við framkvæmd hennar skuli tryggja gagnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti. Með tillögunni er lagt til að félaginu verði einnig heimilt að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi. Stjórn hafði sambærilega heimild síðastliðið starfsár og var heimildin nýtt einu sinni með svonefndu öfugu útboðsfyrirkomulagi. Ákveði stjórn að nýta slíka heimild skal það gert í samræmi við ákvæði gildandi laga, jafnræði hluthafa skal tryggt og fjármálafyrirtæki falið að annast framkvæmd samkvæmt samningi er lagt til að heimild til endurkaupa verði tímabundin og að hún verði endurskoðuð á næsta aðalfundi félagsins.

i) Lækkan hlutafjár (liður 13)

„Aðalfundur Festi hf., haldinn 22. mars 2022, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 323.500.000 að nafnverði í kr. 312.500.000 að nafnverði, einvörðungu til lækkunar eigin hluta á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með um kr. 11.000.000 að nafnverði. Lækkunin tekur einvörðungu til eigin hluta sem félagið hefur eignast með kaupum á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun sem var samþykkt á síðasta aðalfundi félagsins þann 22. mars 2021 á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.“ Hljóti tillagan samþykki aðalfundur verður fjárhæð hlutafjár í samþykktum félagsins breytt til samræmis, þannig að gr. 4.1. í samþykktum félagsins orðist eftirleiðis svo: „Hlutafé félagsins er 312.500.000, - þrjúhundruðogtölfmilljónir-ogfimmhundruðþúsund“.

Greinargerð með tillögu um lækkun hlutafjár til jöfnunar eigin hluta:

Stjórn Festi hf. leggur fyrir aðalfund haldinn þann 22. mars 2022 tillögu um að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 11.000.000 að nafnverði. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að hlutafé félagsins verði lækkað um sömu fjárhæð að nafnverði og eigin hlutir félagsins eru. Hlutina hefur félagið keypt á markaði með heimild aðalfundar síðasta árs, sem lið í endurkaupaáætlun og lækkun hlutafjár til að stuðla að betri fjármagnsskipan samkvæmt ákvörðun stjórnar. Verði tillagan samþykkt þá lækkar nafnverð hlutafjár félagsins úr kr. 323.500.000 í kr. 312.500.000. Nafnverð hlutafjár samkvæmt grein 4.1. í samþykktum félagsins breytist til samræmis.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins www.festi.is/fjarfestatengsl. Þar má einnig finna skýrslu tilnefningarnefndar. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9.00-16.00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Úrval úr Fréttavöktum vetrarins.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall Útkall er sjónvarps-útgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþróttar, heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Matur og heimili

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2009-2010
- 14.25 Andri á flandri - í Vesturheimi
- 15.00 89 á stöðinni
- 15.15 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
- 15.30 Lífsins lystisemdir
- 16.00 Kiljan
- 16.40 Menningarvikan
- 17.10 Íslendingar
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Krakkar í nærmynd
- 18.19 Tilraunastofan
- 18.43 KrakkaRÚV - Tónlist
- Flytjandi: KK
- Lag: Randy Newman
- Texti: Ágúst Guðmundsson
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Kveikur
- 20.40 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni
- 21.05 Trúður Félagarnir Frank og Casper snúa aftur í áttundu þáttaröð dönsku gamanþáttanna Trúður, eða Klovn. Frank er hrakfallabákkur fram í fingurgóma og tekst alltaf að koma sér og vinum sínum í vandræðalegar aðstæður. Aðalhlutverk: Frank Hvam, Casper Christensen og Mia Lyhne. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 21.35 Laustengd og liðug
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Rauðir skuggar
- 23.05 Griðastaður
- 23.50 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist
- 12.30 Dr. Phil
- 13.13 The Late Late Show
- 13.53 The Block
- 14.48 Celebrity Best Home Cook
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 The Block
- 20.10 Ordinary Joe
- 21.00 FBI
- 21.50 FBI: Most Wanted
- 22.40 Why Women Kill
- 23.30 The Late Late Show
- 00.15 Dexter
- 01.05 Chicago Med
- 01.50 Station 19
- 02.35 The Great
- 03.25 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.15 The O.C.
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 09.45 Hell's Kitchen
- 10.25 Call Me Kat
- 10.50 Shark Tank
- 11.30 Queen Sugar
- 12.10 30 Rock
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 Amazing Grace
- 14.20 Mom
- 14.40 City Life to Country Life
- 16.10 Bætt um betur
- 16.40 Grey's Anatomy
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Hell's Kitchen USA
- 19.55 B Positive
- 20.15 S.W.A.T.
- 21.05 Magnum P.I.
- 21.45 Men in Kilts: A Roadtrip with Sam and Graham
- 22.15 Last Week Tonight with John Oliver Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir sinn hárbeytta og beinskeytta húmor.
- 22.50 Cold Case
- 23.35 Cold Case
- 00.20 Outlander
- 01.40 The Unusual Suspects
- 02.30 Supernatural
- 03.15 The O.C.
- 03.55 Call Me Kat
- 04.20 Shark Tank

Sjöfn heimsækir Gróðurhúsið í Hveragerði

Í þættinum Matur og heimili sem er á dagskrá Hringbrautar í kvöld tekur Sjöfn Þórðar hús á Brynjólfi Baldurssyni, einum eigenda Gróðurhússins í Hveragerði sem slegið hefur í gegn sem einn áhugaverðasti viðkomustaðurinn fyrir austan fjall. Einnig hittir hún Rut Kára, einn helsta innanhússarkitekt landsins, sem rekur þar vinsæla ísbúð.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hræri
- 5 eldsneyti
- 6 mynni
- 8 hætta
- 10 titill
- 11 ráðaleysi
- 12 bréfsþjald
- 13 harla
- 15 fótaferð
- 17 dvöl

LÓÐRÉTT

- 1 ávítar
- 2 hrósa
- 3 stafur
- 4 undirstaða
- 7 í allt
- 9 bollaleggja
- 12 varp
- 14 hismi
- 16 utan

LÁRÉTT: 1 stétt, 5 kol, 6 ós, 8 arfata, 10 ma, 11 samtal, 9 áforma, 12 kast, 14 fí, 16 án.
LÓÐRÉTT: 1 skammur, 2 lofa, 3 eill, 4 fótur, 7 fírn, 12 kort, 13 áfar, 15 rísmál, 17 stans.

Sudoku

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5		6			7	
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



SR3 STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR 30 ÁRA

GULLÖLD SVEIFLUNNAR

1. APRÍL, ELDBORG

KRISTJANA STEFÁNS

JAMES OLSEN

KEEN GÖNGUSKÓR OG SANDALAR



Mýkt og þægindi við ökkla
Lykkja að aftanverðu auðveldar þér að fara í skóinn

Endurskin
Góður stuðningur við hæl

KEEN.Dry vatnsheld filma sem að andar

Ytri sóli: gúmmí með gott grip (all terrain)

Fjölátta grip á sóla, gott grip

4 mm munstursdýpt á sóla

Targhee Mid ♂

28.990 kr.

Náttúruvænt hágæða leður, LWG vottað

Góð vörn á tá
EVA dual-density innlegg sem hægt er að fjarlægja

Stingum af...



Targhee Mid ♀
Uppháir gönguskór
28.990 kr.



Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.



Venice ♀
Lokað hælband og tá
16.990 kr.



Venice H2 ♀
Lokað hælband og tá
17.990 kr.



Newport ♂
Gott grip, lokuð tá
20.990 kr.



Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tá
18.990 kr.



Targhee WP ♂ ♀
Lágir gönguskór
25.990 kr.



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



Sara Björg vinnur með svamp.

MYND/ADSEND

Svampur yfir gólf og upp um veggi

kolbrunb@frettabladid.is

Sýning Söru Bjargar, Mjúk lending, stendur yfir í Ásmundarsal. Sýningin er afkrastur vinnustofu Söru Bjargar þar sem hún hefur undanfarnar vikur endurnið og endurmótað svampaafskorninga. Svampurinn hefur fengið að flæða yfir gólf og upp um alla veggi gryfjunnar og gestum er boðið að henda sér inn í innsetninguna og leyfa svampnum að leiða sig áfram í leik. Sara Björg hefur oft áður unnið með svampa í verkum sínum. ■



Leikritið Fyrirverandi verður kynnt.

MYND/ADSEND

Ilmur talar um Fyrirverandi

kolbrunb@frettabladid.is

Borgarbókasafnið Kringlunni og Borgarleikhúsið hafa boðið upp á leikhúskaffi í nokkur ár þar sem leiksýningar eru kynntar stuttu fyrir frumsýningu.

Í dag, þriðjudaginn 15. febrúar, kl. 17.30-19.00, segir Ilmur Stefánsdóttir, leikmynda- og búningahönnuður, gestum frá verkinu Fyrirverandi í Borgarbókasafninu Kringlunni.

Verkið er samið og leikstýrt af Vali Frey Einarssyni og sett upp með leikhópnum CommonNonsense. Í lýsingu Borgarleikhússins segir meðal annars: „Útkoman er myljandi fyndið og hjartnæmt verk sem speglar flókið fjölskyldulíf og sambönd nútímans.“

Eftir kynningu verður farið með áhugasama yfir í Borgarleikhúsið þar sem boðið verður upp á stutta kynningu á leikmynd og annarri umgjörð sýningarinnar. ■



Sigldir en þjóðlegir skúlptúrar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Viðarverk er sýning í Hverfisgallerii þar sem Krot & Krass sýna verk sín. Krot & Krass samanstendur af þeim Birni Loka og Elsu Jónsdóttur sem sýna sjö ný og stór skúlptúrverk sem unnin eru í rekavið og steypu.

Rekaviðurinn sem listamennirnir nota kemur úr Skagafirðinum. „Við komumst í samband við mann sem safnar rekaviði, vinnur hann og gerir við gamla torfbæi. Hann seldi okkur þrjá drumba og til að byrja með unnum við sýninguna á Siglufirði,“ segir Björn. Spurður hvað sé svo heillandi við rekavið segir hann: „Rekaviðurinn hefur ferðast mikið eins og sést á litbrigðunum. Hann er ófullkominn og lifaður en líka mjúkur og það þarf að fara varlega með hann.“

Höfðaletur má sjá í mörgum verkanna. „Nánast síðan við byrjuðum að vinna saman höfum við verið að stúdera letur. Fyrir nokkrum árum byrjuðum við að rannsaka höfðaletur sem er séríslenskt fyrir-



Skúlptúrnir unnir úr rekaviði eru hinir glæsilegustu.



Fyrir nokkrum árum byrjuðum við að rannsaka höfðaletur sem er séríslenskt fyrirbæri.

Elsa Jónsdóttir

bæri. Við erum að draga það fram í nútímann og setja í mismunandi efnivið, stundum mjög abstrakt,“ segir Elsa. Spurð hvaða orð megi lesa út úr höfðaleturinu sem er á verkunum nefna þau „þungamiðja“ og „viðarverk“.

Bar í listarými

Meðal verka á sýningunni er bar. „Þessi bar er eins konar verkstæði í stúdíóinu okkar. Við höfum áður sett hann inn í listarými og reynum þannig að endurspegla stemninguna sem er í vinnustofunni okkar,“ segir Björn.

Samhliða verkunum hefur Krot & Krass unnið rannsóknarskýrslu sem gefin er út sem sérstakt bókverk. „Þar fjöllum við um ferlið sjálft sem okkur finnst vera aðalatriðið. Það fara mánuðir í að ná í viðinn skera út og gera skissur. Við komum þessu í bók svo fólk sjái vinnuna sem liggur að baki verkunum á sýningunni,“ segir Elsa.

Ferskir og saltaðir

Bergur Ebbskrá og segir meðal annars um skúlptúrana: „Virðum þá fyrir okkur. Þetta eru drumbar, saltaðir kógglar, þeir risu kannski ekki eins og Bond-stelpa úr hafinu, en þeir eru ferskir og saltaðir. Bæði útvatnaðir en líka mergþéttir. Sigldir en þjóðlegir. Þeir eru vöðaverk, viðarverk, timbraðir, flúraðir gúbbar og maður vill ekki mæta þeim á bílastæðinu fyrir utan Stjörnubíó. En við fáum stund með þeim hér, á eigin forsendum, fáum að finna af þeim lyktina, anda að okkur sögunni.“

Tvíeykið Krot & Krass hefur unnið saman í tíu ár. Þau byrjuðu að vinna saman sem hönnuðir en síðastliðin ár hafa þau fært hugmyndir sínar í skúlptúra og lágmyndir. Tvíeykið rekur vinnustofu í Gufunesinu sem ber nafnið FÚSK. Þau eru meðeigendur í Skiltamálun Reykjavíkur sem sérhæfir sig í uppsetningu á veggverkum fyrir listamenn. ■

MANIC PANIC N.Y.C.
Hárskolin fást hjá okkur

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Listin að skrifa í Borgarbókasafninu

kolbrunb@frettabladid.is

Kveikja er hugvekja lista og fræða um eld, innblástur, skynjun og sköpunarferli. Hvað kveikir ljós og jafnvel bál, hver er ljósmóðir/faðir listaverks?

Önnur Kveikja ársins verður haldin miðvikudaginn 16. mars klukkan 17.15 til 18.15 í Borgarbókasafninu Kringlunni. Þar munu listamennirnir Ingibjörg Magnadóttir og Friðgeir Einarsson fjalla um listina að skrifa fyrir svið, bæði gjörninga- og leikhúslist.

Ingibjörg Magnadóttir, myndlistarmaður og leikskáld, vinnur einna helst með gjörningaformið í list sinni og hefur þróað leikhústengd verk, sem sameina svið gjörningssins, hefðbundins og tilraunakennds leikhúss. Viðfangsefni hennar eru



Friðgeir Einarsson rithöfundur og sviðslistamaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

gjarnan tengd hugmyndum um almættið, tengsl mannsins við hið andlega svið, við sjálfan sig og aðra. Hún hefur haldið fjölda sýninga innanlands og á alþjóðavettvangi.

Friðgeir Einarsson er rithöfundur og sviðslistamaður, búsettur í Reykjavík. Hann hefur skrifað

skáldskap, sent frá sér fjórar bækur og tekið þátt í uppsetningu fjölmargra leiksýninga með hinum ýmsu hópum, ýmist sem leikari, leikstjóri eða leikskáld. Leikverk hans, Club Romantica, fékk Grímuverðlaun árið 2019 sem besta leikritið. ■



**ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
SPAÐANS!**

**16” Pizza
af matseðli
1.600**

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna



Spaðinn Pizza · Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b · spadinn.is



Skammdegiskántrí í hæsta gæðaflokki



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Tveir sérfræðingar greina lagið Með hækandi sól með Siggu, Betu og Elínu, sem Íslendingar völdu á laugardag sem framlag til Eurovision-keppinnar í maí. Bragi Valdimar Skúlason textasmiður segir flytjendurna syngja eins og engla og Hildur Kristín Stefánsdóttir tónlistarkona líkir flutningnum við Fleetwood Mac.

„Þetta lag er að mínu mati sérlega vel heppnað og haganlega samsett. Enda samið af hinni einstaklega smellhittnu Lovísu Elísabetu – okkar allra bestu Lay Low – sem kann sitt fag upp á rúmlega tíu,“ segir Bragi Valdimar.

Hann segir lagið ekki hafa mikið ris, en miklu frekar seiðandi framvindu sem gripi og haldi hlustunum frá upphafi til enda. „Það er um leið mjög söngvænt, án þess þó að vera einhver klisja eða útreiknanlegt. Formið sjálft hefur alls konar skemmtilega núansa og útúrdúra sem gefa laginu aukna vigt.“

Textann telur Bragi Valdimar sérlega fallegan og passa laginu vel, eða lagið textanum. Bæði hafi textinn rötfestu í sögunni og sérlega fallegan marglaga boðskap.

Þó sé einum meginþætti hugsanlega ábótavant. „Mögulega hefur þetta ekki einnar hlustunar skammtímaáhrifin, sem skipta svo miklu máli í aðalkeppninni. Lagið



Sigga, Beta og Elin á sviðinu á úrslitakvöldinu á laugardag.

MYND/SKJÁSKOT

er vissulega rólegt og laust við eldvörpur og glimmereínhyrninga,“ segir hann.

„En þar koma til hinir frábæru flytjendur, sem syngja eins og englar og töfra alla sem á hlýða lóðbeint upp úr kúrekastígvélunum. Ég hef líka trú á því að gott lag og flutningur eigi alltaf erindi – og ef það er hjarta og kjarkur í tónlistinni þá skilar það sér.“

Bragi Valdimar virðist þó heilt yfir hrifinn af laginu. „Þetta er sumsé fagmennskudrifið, hóp-

dáleidandi skammdegiskántrí í hæsta gæðaflokki.“

Hildur Kristín er á sama máli og Bragi Valdimar og segir lagið skera sig úr því sem yfirleitt er talað um sem Eurovision-lög. „Þetta er ljúfsárt kántriskotið popplag þar sem raddanir spila stórt hlutverk.“

Hún segir textann djúpan og fallegan og ekki endilega líkan því sem oftast heyrist í Söngvakeppninni, þar sem oft sé einn frasi eða orð sem sé síendurtekið til að skapa það sem Hildur Kristín kallar heilalím.



Öldurót í hljóðri sál, þrautin þung umvafin sorgarsárum. Þrá sem laðar, brennur sem bál, liggur í leyndni – leyndarmál – „þei, þei“.

Úr texta

Aðalfundur Fly Play hf.

PLAY

Aðalfundur Fly Play hf. verður haldinn miðvikudaginn 6. apríl kl. 16:00 í Iðnó, menningarhúsi við Tjörnina, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík.

Drög að dagskrá

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi liðins starfsárs
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðanda, lagður fram til samþykktar
3. Atkvæðagreiðsla um hvernig fara skuli með rekstrarniðurstöðu félagsins á árinu

4. Kosning í stjórn félagsins
5. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar
7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
8. Önnur mál, löglega upp borin

Þátttaka á fundinum verður bundin við þá sem mæta á staðinn en vefstreymi verður frá fundinum af vefsíðu félagsins: flyplay.com/corporate-governance.

Reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á fundinum

Eitt atkvæði er fyrir hvern einnar krónu hlut. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum.

Hluthöfum sem ekki sækja aðalfund stendur til boða að kjósa um dagskrármál bréflaga. Eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund þarf beiðni hluthafa um slíka atkvæðagreiðslu að berast félaginu á netfangið legal@flyplay.com.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá og leggja fram ályktunartillögur. Kröfu þar um skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins eigi síðar en **fyrir kl. 12:00 þann 23. mars 2022**.

Hluthafi getur veitt umboðsmanni skriflegt umboð sem skal dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla. Slík umboð skulu berast félaginu áður en aðalfundur hefst eða við skráningu á fundarstað. Umboðseyðublöð verða aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá, tillögur stjórnar og fundarskjöl verða birt eigi síðar en 21. mars á vefsíðu félagsins: flyplay.com/corporate-governance.

Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 16:00. Berist tillögur frá hluthöfum verða þær birtar a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn ásamt uppfærðri dagskrá.

Samkvæmt 63. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm dögum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 þann 1. apríl 2022. Upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afgreidd frá kl. 15:00 á aðalfundardegi.



Mögulega hefur þetta ekki einnar hlustunar skammtímaáhrifin, sem skipta svo miklu máli í aðalkeppninni.



Bragi Valdimar Skúlason, textasmiður og Baggalútur

„Það er lágstemmt, engar sprengingar, upphækkanir eða raddfímleikar í laglinum en það sem tekur lagið á hærra plan eru ótrúlega fallegar raddanir sem minna á Fleetwood Mac,“ segir hún. „Hljóðfæraskipan er líka mjög akústísk – engir synþar eða tölvutrommur heldur má segja að hljóðheimurinn sé náttúrulegur, með kántrísándandi gítar og dúnmjúkum strengjum.“

Hildur Kristín bendir á að raddanirnar hljómi sérstaklega þéttar þar sem systurnar hafi mjög svipadan tón í röddunum og blandist því einkar fallega saman.

„Það er líka áhugavert hversu lítið er af endurtekningum í viðlaginu sjálfu og hversu stutt það er. Það gerir það kannski að verkum að



Þá er aldrei að vita nema þetta kveiki nýja bylgju af ljúfu kántripoppi á Íslandi.



Hildur Kristín Stefánsdóttir, tónlistarkona

viðlagið festist ekki beint á heilann eftir fyrstu hlustun en það vinnur mikið á,“ segir hún. „Ég myndi segja að akkúrat þess vegna sé þetta lag sem geti lifað lengi án þess að við þreytumst á því og margir eru jafnvel fyrst núna að kveikja á ágæti þess, eftir að hafa heyrt það í nokkur skipti.“

Hildur Kristín segir að undanfarið hafi ýmsar kántripoppstjórnur farið að blanda saman hinu hefðbunda kántrí við popp. „Má þar nefna Kacey Musgraves, Haim, Taylor Swift og fleiri sem hafa verið að færa kántrí yfir í eyru fleiri hlustenda. Þótt við Íslendingar eigum ekki mikið af slíkum tónlistarmönnum ennþá þá er aldrei að vita nema þetta kveiki nýja bylgju af ljúfu kántripoppi á Íslandi.“ ■

Peysa með öllu nema hráum

margret@frettabladid.is

Bæjarins beztu pylsur hafa fært út kvíarnar og bjóða aðdáendum sínum að kaupa tiskuvörning í einkennandi pylsuraudum lit. Peysur og bolir eru fáanlegar í vefverslun pylsuvagnsins með einu þekktasta vörumerki í veitingaflóru landsins og rýkur varningurinn út, að sögn Baldurs Inga Halldórssonar eiganda. Hann segist þó ekki eiga hugmyndina, heldur hafi verið pressa frá aðdáendum vagnsins.

„Viðskiptavinir okkar óskuðu eftir þessu, sérstaklega erlendir ferðamenn. Við keyrðum þetta í gang í Covid-inu þegar pylsusalan dróst aðeins saman eins og allt annað í samfélaginu. Kósifatnaðurinn rauk út á hamfaratímum. Við sjáum að erlendir kaupendur eru í eldri kantinum – okkur sýnist þetta vera fólk sem hefur komið hingað og er mjög glatt að loksins sé hægt að fá minjagrip frá uppáhaldspylsuvagninum sínum, en íslenskir kaupendur eru svo mest unglingar, þetta fellur



Tveir hópar viðskiptavina eru hrifnir af peysunum, eldri ferðamenn og íslenskir unglingar.

MYND/BÆJARINS BEZTU

fullkomlega að þessum normcore-stíl sem hefur verið að sækja í sig veðrið.“

Hægt er að kaupa þennan varning beint úr pylsuvagninum. „Og þá verður pylsulyktin bónus.“ ■

Lykilspurningin

Er mikið djamm-ár í uppsiglingu í kjölfar afléttingar samkomubanns?

Stefnir allt í hömlulaust og hedónískt sumar



Natalie Gunnarsdóttir plötusnúður „Fyndið að þú skulir vera að hringja og spyrja af því að línurnar mínar eru glóandi. Það er rosa-

lega mikið verið að bóka núna og síminn stoppar ekki.

Ég finn alveg svakalegan kipp núna. Ég sjálf var ekkert svakalega spennt fyrir því að yta undir skemmtanahald á meðan á þessu stöð, en núna erum við að sjá undir lokin á þessu. Þetta stefnir í hömlulaust og hedónískt sumar,“ segir Natalie létt í bragði og það er ljóst að landsmenn eiga von á stuði. ■

Á fóninum

Ábreiða hlaðin ást og metall fyrir lóðin



Atli Viðar Þorsteinsson DJ Atli Kanill

Plötusnúðurinn Atli Viðar Þorsteinsson hefur staðið vaktina á dansgölfum landsins síðan hann byrjaði að þeyta skífum árið 2005. Hann mælir með átta lögum sem hann fær ekki nóg af þessa stundina, en á listanum má meðal annars finna norska metaltónlist fyrir ræktina, klassískt hipphopp og grúví diskóslagara.

1 Is it True GusGus og Margrét Rán

Stundum koma lög og maður heyrir strax að það eru töfrar hlaðnir í tónana. Það er ást í þessari ábreiðu og það skín í gegn.

2 Suffocate All Light Vredehammer

Ég kolféll fyrir extreme metal eftir að ég fór að vera duglegri í ræktinni. Í rannsóknarvinnu á Spotify rakst ég á hina norsku Vredehammer og plötuna þeirra Viperous sem sameinar grjótharðan urrandi metal við sargandi synþa.

3 Flott Flott

Ég elska góða afhjúpanði texta og það er ekki verra þegar húmorinn dansar við einlægnina í grúví diskódýfu.

4 SHUM Go_A

Rakst á þessa grjóthörðu teknó útgáfu af ukrainska Eurovision-laginu og spilaði það fyrir gesti á Kex Hostel við Covid-lokun



klukkan ellefu, en við létum eins og klukkan væri fjögur um nótt.

5 Curb your enthusiasm Snoop Dogg

Snoop okkar allra var að gefa út nýja plötu og hann er í girnum! Fönki, myndið og svari en nokkurn tímann áður. Hér rappar hann yfir Curb your Enthusiasm-þemað. Hver gerir það? Snoop gerir það.

6 The Eve Of War Jeff Wayne

Innrás Pútíns í Úkraínu átti að vera ómöguleg og umræðan fyrir innrásina minnti mig á línuna „The chances of anything coming from Mars is a million to 1, but still they come!“ af plötunni um Innrásina frá Mars.

7 State of the Union Public Enemy

Public Enemy gaf út sína 15. plötu í lok árs 2020. Ótrúlegt magn gestarappara og þessi sprengja pródúseruð af Dj Premier. Enginn hipphopp-aðdáandi má láta þetta lag fram hjá sér fara.

8 Enter One Sol Seppy

Fallegasta lag sem ég hef heyrt.

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

MARS TILBOÐ

1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is



RICHMOND Borðstofuborð, olíuborin eik.
Fiskibeinamyntur. Ø120 cm. 99.990 kr.
Nú 79.992 kr.

20%

af völdum vörum

Gildir til og með 28. mars



15%

AF ÖLLUM GLÖSUM



20%

AF VÖLDUM KERTUM OG SERVÍETTUM
AF ÖLLUM BRETTUM

Fáðu innblástur

í glæsilegu tímariti Húsgagnahallarinnar



husgagnahollin.is/hollin-min/

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Mæðgurnar í Verzlanahöllinni eru komnar í selskapsskóna. Þórdís Þórhallsdóttir, Vilborg Norðdahl og Sveindís Þórhallsdóttir

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI.

Hælaskór og áberandi djammfatnaður rýkur út

Samkvæmislífið hefur heldur betur lifnað við eftir afléttingar samkomutakmarkana, með tilheyrandi fjárútlátum. Mæðgurnar í Verzlanahöllinni segja að árshátíðardressið þurfi ekki að kosta mikið, sérstaklega ef um sé að ræða þema-partí. Sníðugt sé að taka sér tíma og hika ekki við að biðja starfsfólkið um ráð.

margret@frettabladid.is

„Allt í einu eru hælaskór farnir að seljast, mikið af djammfatnaði og auðvitað síðkjólum.“ segir Þórdís Þórhallsdóttir enda böll í menntaskólum byrjuð og árshátíðirnar. Hún segir það skemmtilega vera að fólk sé svo sannarlega farið að taka það inn í jöfnuna að kaupa notað fyrir þessi tækifæri.

Aðspurð hvort um einhverja sérstaka tækni sé að ræða þegar verslað er í loppubúðum svarar Þórdís: „Að taka sér tíma, lesa rammanna sem fólk skrifar í, horfa eftir perlungum

sem sumir hafa sett á herðatrén, en litir þeirra gefa til kynna hvaða stærð flíkin er. Að spyrja starfsfólkið sem er glettilega oft með það á hreinu hvað er í búðinni hverju sinni.“

Þórdís svarar játandi, spurð hvort að árshátíðartískan sé mögulega meira krassandi þessi dægrin. „Það er soldið mikið glamúr, minna settlegt, virðist vera. Fólk ætlar alla leið. Þá eru auðvitað þema-árshátíðir, eins og Verbúðar-þema árshátíðir og þess háttar.“ ■

Yfirvegaða týpan



Djammarinn



Vintage týpan



Fullkonnunin krufin í kómedíunni

KVIKMYNDIR

Ich Bin Dein Mensch (2021)

Bíó Paradís

Leikstjórn: Maria Schrader

Nína Richter

Opnunarmynd þýskra kvikmynda-daga er Ich bin dein Mensch. Myndin tekst á við klassískt efni, samband mannsins og vélarinnar.

Hér er aðalpersónan vísindakona, sem hefur verið úthlutað eintaki af hinum fullkomna karlmanni. Hann er þó ekki stöðluð eining heldur mætir hann úr verksmiðjunni sér-sniðinn að löngunum og þrám notandans og hugmyndum um slíkan mann. Engir tveir vélmakar eru eins.

Hugmyndir okkar um fullkonnun eru háðar milljörðum smáatriða. Vélmakinn kemur fullkonninn úr pakknum en aðlagar sig áfram viðbrögðum „eigandans“ og verður að lokum eins og hin gallalaus fantasía. Þetta er frábær efni-viður í sprenglæggilega mynd, en



Maren Eggert og Dan Stevens í hlutverkum sínum í Ich Bin Dein Mensch.

handritið ætlar sér miklu meira en að kitla hláturtaugarnar. Myndin spyr alvöru spurninga um slíkar aðstæður. Myndin fær síðan ósvikið aukalag af húmor ef maður les hana sem myndlíkingu fyrir meðvirk sambönd.

Þráir andlega heilbriggt fólk raunverulega átakalaus samskipti? Er hægt að þroska með svoleiðis manneskju sér við hlið? Er hægt að eiga samskipti við annað „gallað“ fólk, ef maður er í stöðugum samskiptum við slíka veru? Er maður

kannski alltaf aleinn með sjálfum sér í félagi með vélinni? Er hér um að ræða dystópiu eða útópiu? ■

NIDURSTAÐA: Skemmtileg og létt mynd um samband manns og vélar. Skilgreind sem grínmynd en er ekki síður falleg vísindaskáldsaga sem fer á dýpið og hefði mátt dvelja þar lengur. Myndin skilur mikið eftir sig og kom ánægjulega á óvart. Hér er komin þrusufin stefnumótamynd sem ætti að höfða til breiðs hóps.



TÆKIFÆRI TIL AÐ

PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í MARS

STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Bakþankar

Péturs Georgs
 Markan



Öll önnur veröld

Áð öðrum ólöstuðum var viðtalið við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í Silfrinu síðasta sunnudag með spaklegustu greiningum sem heyrst hafa um þá stöðu sem nú er uppi í kjölfar árásarstríðs Pútíns í Úkraínu. Þar svaraði bæði fyrrverandi stjórnmalaleiðtogi og reyndur og virtur alþjóðlegur diplómat. Sagði hún meðal annars að veröldin væri algjörlega breytt – þung orð og eftirtektarverð. Það var síðan greining hennar á að varnarmál væru miklu meira en vopnuð gæsla sem opnuðu upp samtalið. Varnarmál eru alþjóðleg samvinna og skuldbinding um styrkingu frelsis, lýðræðis og mannréttinda. Í þessu ljósi eru ESB-mál ekki bara komin á dagskrá – þau eru akút umræða dagsins í dag.

Það var því býsna sláandi að heyra formann utanríkismálanefndar Alþingis vera hikandi og óöruggan, í sama þætti, þegar hann eðlilega var spurður út í hvort það væri ekki kominn tími á að hér væri ESB-mál rætt í ljósi grundvallarvendinga í alþjóðlegum stjórn-málum. Formaðurinn taldi slíka umræðu vera pólitískan keiluslátt. Þreyttasta orð íslenskrar stjórn-málatungu. Auðvitað getur verið að honum hafi fatast flugið í reynsluleysinu og þannig ekki hitt á betri flotta undan spurningunni. Það er eðlilegt og þarf ekki að erfa. Hinu verður ekki sleppt að formaður utanríkismálanefndar treysti sér ekki í ESB-umræðu, sem fær fall-einkunn í ljósi þess að á vettvangi ESB hefur stöðu Úkraínu verið hvað mest mætt af alþjóðasamfélaginu.

Fyrir Alþingi liggur að endurskoda þjóðaröryggisstefnu Íslands. Nú er veröldin öll önnur – í því ljósi þarf að endurskoda þjóðaröryggis-stefnu Íslands og meðal annars ræða aðild Íslands að enn víðtækari Evrópusamvinnu. ■

GERIÐ GÆÐA OG VERÐ-SAMANBURÐ

Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum



BODYPRINT
 Reverie
 Sleep well tonight. Live better tomorrow.

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU - EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI



GHENT

HANDGERÐ HEILSURÚM - FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRÐUSTU

FYLD'S
 The Belgian Bed

★ FERMINGARTILBOÐ ★

ÝMIR

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI

Stýður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Pokagormarnir eru með misþykkum vír eftir því hvar þeir eru staðsettir í dýnunni. Mjúkir við axlasvæði, stífir við mjóbakssvæði, millistífir í miðjunni. 330 gormar per fm². Tvíhert stál.

STÆRÐ	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
120×200	99.900 kr.	89.900 kr.
140×200	114.900 kr.	104.900 kr.
150×200	129.900 kr.	119.900 kr.

Öll verð með PU botni og fótum. ATH. fleiri stærðir í boði.

GÓÐUR
 STUÐNINGUR
 VIÐ MJÓBAK



FRIGG - MILLISTÍF

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÆBÆRU VERÐI

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbakstuðningur. Mjúkra og betra axlasvæði. Þrýstjónunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

FRIGG, ÓÐINN OG IÐUNN:

STÆRÐ	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
120×200	139.900 kr.	119.900 kr.
140×200	159.900 kr.	139.900 kr.
150×200	179.900 kr.	159.900 kr.

Öll verð eru með PU botni og fótum. ATH. fleiri stærðir í boði.

ÓÐINN - STÍF

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÆBÆRU VERÐI

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbakstuðningur. Mjúkra og betra axlasvæði. Þrýstjónunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

IÐUNN

GÓÐ SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA SEM STYÐUR RÉTT VIÐ LÍKAMANN

Cool efnaþandana aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjónun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og betri liðan, þú færð dýpri og betri svefn. Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnnar.

Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

25%
 AFSLÁTUR
 AF FYLGIHLUTUM
 VIÐ DÝNUKAUP

VERÐ SEM
 KOMA Á
 ÖVART



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDS-MANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
 *Samkvæmt könnun frá Gallup.

Stílabók

GEFÐU GJÖF TIL HEILLA HEILLAGJAFIR.IS

Barnaheilt